FRÉTTABLAÐIÐ

127. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 3. JÚNÍ 2019

Það var ekkert gefið eftir í koddaslag upp á líf og dauða í Reykjavíkurhöfn á Hátíð hafsins í gær. Sjómannadagurinn var haldinn hátíðlegur um allt land og í höfuðborgarinni var mikið um dýrðir. Áhorfendur skemmtu sér konunglega yfir góðlátlegum barsmíðum keppenda í koddaslagnum í blíðskaparveðri. Sjá fleiri myndir á síðu 24 í blaðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kvartanir sérsveitarmanna í skoðun

Dómsmálaráðuneytið hefur til meðferðar kvartanir nokkurra lögreglumanna. Framkoma ríkislögreglustjóra helsta umkvörtunarefnið. Einnig ágreiningur um heildarskipulag sérsveitarinnar á landsvísu. Óánægja ríkir með fækkun í sérsveit á landsbyggðinni.

STJÓRNSÝSLA Kvartanir nokkurra lögreglumanna undan yfirmanni sínum, Haraldi Jóhannessyni ríkislögreglustjóra, eru til meðferðar í dómsmálaráðuneytinu. Kvartanirnar lúta annars vegar að framkomu og hátterni ríkislögreglustjóra í garð þeirra og hins vegar að vinnuaðstæðum og heildarskipulagi sérsveitarinnar á landsvísu.

Hjá ríkislögreglustjóra starfa rúmlega 100 lögreglumenn í nokkrum deildum; alþjóðadeild, fjarskiptadeild, greiningardeild, sérsveit og stoðdeild. Flestir þeirra, 46 menn, eru í sérsveitinni en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ríkir óánægja með áherslur ríkislögreglustjóra um dreifingu sérsveitarinnar og fækkun sérsveitarmanna á landsbyggðinni. Sérsveitarmönnum hefur fækkað mjög á Akureyri á undanförnum árum og nú er þar aðeins einn sérsveitarmaður með starfsstöð. Aðrir sérsveitarmenn eru í Reykjavík. Samkvæmt heimildum blaðsins lýtur óánægja þeirra sem kvartað hafa undan ríkislögreglustjóra meðal annars að því hvernig hann hafi fækkað mönnum í sérsveitinni úti á landi og aðferðum við þá fækkun. Menn hafi verið færðir úr starfi sínu í sérsveit eða þrýst á þá að flytja sig í aðrar deildir án þess að staða sérsveitarmanns sé auglýst og ekkert gert til að bregðast við fækkuninni á Akureyri.

Þeir sem Fréttablaðið ræddi við lýsa áhyggjum af því að viðbragðstími sveitarinnar lengist mjög hafi hún aðeins eina starfsstöð á landinu; í Reykjavík. Allir lögreglumenn landsins sæki stuðning til sérsveitarinnar og treysti á hana.

Þingmaðurinn Albertína Friðbjörg Elíasdóttir beindi fyrirspurn til dómsmálaráðherra um málefni sérsveitarinnar í fyrra. Í svari ráðherra kemur fram að engin ákvörðun hafi verið tekin um að leggja niður starfsstöð sérsveitarinnar á Akureyri. Samkvæmt reglugerð sé forræði á sérsveitinni hjá ríkislögreglustjóra og því í hans höndum að meta þörf á liðsmönnum og dreifingu sveitarinnar á landsvísu.

Ráðuneytið hefur ekki viljað veita upplýsingar um meðferð kvartana lögreglumannanna á þeim grundvelli að ráðuneytið tjái sig ekki um mál einstaka starfsmanna. – aá

Yngri landsliðin kosta foreldra milljónir

KÖRFUBOLTI Íþrótta- og tómstundaráð Reykjanesbæjar telur nauðsynlegt að hækka styrk til efnilegasta íþróttafólks Suðurnesjanna sem tekur þátt í landsliðsverkefnum. Kostnaður leikmanna liðanna sem taka þátt í verkefnum yngri landsliðanna í körfubolta erlendis hleypur á milljónum. Formaður KKÍ, Hannes S. Jónsson segir að það svíði að senda reikninga inn á heimili ungs landsliðsfólks. „Öll útgjöld heimila landsmanna sem tengjast landsliðsverkefnum finnst mér of há," segir Hannes.

Dæmi eru um að leikmenn yngri landsliða í körfuknattleik hjá Keflavík og Njarðvík þurfi að greiða allt að 279 þúsund krónur á mann. – bbh / sjá síðu 17

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Guðmundur Steingrímsson skrifar um hættuna af glæpum. 11

SPORT Liverpool er allra liða best í Evrópu. 16

MENNING Vor í Listasafninu á Akureyri 21

LÍFIÐ Stefán Jakobsson í Dimmu söng sig í gegnum sársaukann eftir endajaxlatöku. 26

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ
● FÓLK ● FASTEIGNABLAÐIÐ

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Veður



8-15 m/s. Rigning eða slydda með NA, en snjókoma til fjalla. Skýjað NV, en þurrt og bjart sunnan jökla. Hiti 4 til 14 stig, mildast SV. SJÁ SÍÐU 20

Búast má við áframhaldandi sól í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Borgin sigrar sólarlottóið

VEÐUR „Í fyrra var óvenju lítil sól í júní en nú byrjar sumarið mjög sólríkt hérna á Suður- og Vesturlandi," segir Haraldur Eiríksson, vaktaveðurfræðingur á Veðurstofu Íslands. „Það er svolítið lottó hvað það er mikil sól í maí og júní. Í fyrra var hún ekki mikil en nú lítur þetta betur út."

Nú byrjar sumarið mjög sólríkt hérna á Suður- og Vesturlandi

Haraldur Eiríksson veðurfræðingur

Ekki eru allir jafn heppnir með veður og íbúar á höfuðborgarsvæðinu og segir Haraldur að búast megi við rigningu og slyddu á Austurlandi í byrjun vikunnar, jafnvel snjókomu til fjalla. Þegar líða tekur á vikuna fari þó að birta til fyrir austan. „Þetta er bara rigning og slydda svo hlýnar aðeins eftir miðja vikuna og þá er sumarið vonandi að koma fyrir austan."

Haraldur segir að borgarbúar geti búist við betra veðri í sumar en þeir fengu í fyrra og ástæðuna segir hann einfalda. „Ég vænti þess að þetta sumar verði skárra en í fyrra því ég held að það geti ekki orðið verra, svo einfalt er það." **-bdj**

Flúrað í Gamla bíói

Hin árlega Icelandic Tattoo Convention fór fram í fjórtánda sinn um helgina í Gamla bíói í Ingólfsstræti. Þrjátíu húðflúrmeistarar með áratuga-reynslu í bransanum voru á svæðinu og flúruðu gesti og gangandi í öllum regnbogans litum. Hér má sjá nokkrar grjótharðar konur og karla láta suma af hinum færu flúrurum skreyta líkama sína fyrir allra augum á ráðstefnunni. Engin þeirra létu á nokkru bera. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Listamenn svara Ara

MENNING „Fjármál Sviðslistasambands Íslands eru hvorki til rannsóknar hjá embætti ríkisskattstjóra né skattrannsóknarstjóra ríkisins og hafa aldrei verið," segir í yfirlýsingu sem stjórn sambandsins sendi frá sér í gær. Segir að stjórnin hafi fengið þetta staðfest skriflega frá skattayfirvöldum. Tilefni yfirlýsingarinnar eru ummæli Ara Matthíassonar þjóðleikhússtjóra í fjölmiðlum um slíka rannsókn.

Fréttablaðið fjallaði í síðasta mánuði um samskiptavanda þjóðleikhússtjóra og leikara við leikhúsið. Félag íslenskra leikara hefur meðal annars farið fram á við menntamálaráðuneytið að fagfólk í mannauðsmálum verið fengið til að ráða fram úr þeim vanda. Embætti þjóðleikhússtjóra var í síðasta mánuði auglýst til fimm ára. Ari Matthíasson hefur gegnt stöðunni frá árinu 2015. **- sar**

Sturluð stemning hjá mæðginum í Madríd

Miðar á leik Liverpool og Tottenham í Meistaradeildinni seldust á ævintýralegar upphæðir í Madríd. Magnús Már Einarsson fór til Spánar ásamt móður sinni án þess að eiga miða á leikinn. Horfðu á leikinn í frábærri stemningu.

MANNLÍF „Ég, mamma og félagar mínir keyptum bara miða út beint eftir undanúrslitaleikinn og vonuðum að við myndum fá miða á leikinn. Miðaverðið var frá hálfri milljón og upp úr svo við keyptum okkur ekki miða," segir Magnús Már Einarsson, ritstjóri fótbolti.net. Hann fór ásamt móður sinni, Hönnu Símonardóttir, og vinum til Madríd á úrslitaleik meistaradeildarinnar á laugardaginn þrátt fyrir að eiga ekki miða á leikinn sjálfan.

„Það var fullt af fólki sem átti ekki miða og maður sá það yfir daginn. Fólk var með skilti í höndunum að auglýsa eftir miða og jafnvel í bolum merktum „I need ticket" og allir að spyrja úti um allt: áttu miða, áttu miða" segir Magnús. „Þetta varð til þess að þeir sem voru að selja miða á svörtum markaði gátu bara sett á þá ævintýralegar upphæðir. Það hefur aldrei verið svona mikil eftirspurn eftir miðum á úrslitaleik Meistaradeildarinnar."

Magnús og Hanna eru bæði miklir stuðningsmenn Liverpool, en liðið vann Meistaradeildina í sjötta sinn um helgina. Stuðningsmenn bæði Liverpool og Tottenham söfnuðust saman víðsvegar um borgina og var góð stemning að sögn Magnúsar. „Við horfðum á leikinn á bar með Liverpool stuðningsmönnum, það var allt troðfullt þar inni og stemningin var frábær."

„Ég ætlaði alltaf að fara á leikinn og trúði því varla þegar hann var flautaður á að ég væri ekki á vellinum. En við horfðum á hann á pöbb þar sem var sungið og öskrað og það var bara sturlað," segir Hanna. Liverpool hefur alla tíð verið stór partur af lífi hennar.

Leikmenn Liverpool fagna sigrinum á Tottenham í Madríd á laugardaginn. Liverpool sigraði Meistaradeildina síðast árið 2005 NORDICPHOTOS/GETTY

Magnús og Hanna fóru til Madríd þrátt fyrir að eiga ekki miða á úrslitaleikinn. MYND/MAGNÚS MÁR EINARSSON

„Ég fæddist bara með Liverpool í blóðinu, man eftir mér pínulítilli að horfa á vikugamla leiki í svarthvítu sjónvarpi," segir Hanna og bætir því við að hún horfi á alla leiki sem liðið spilar og sé í Liverpool treyjunni í hverjum leik.

Hanna stoppaði ekki lengi í Madríd og flaug til Íslands á undan ferðafélögum sínum. „Ég mætti heim klukkan sjö í morgun og er á leiðinni á Stjarnan – Valur. Ég flaug á undan öllum hinum til þess að ná þeim leik. Það má segja að fótbolti sé líf mitt og yndi."

Yngri bróðir Magnúsar, Anton Ari Einarsson leikur með meistaraflokki Vals í fótbolta og missir Hanna helst ekki af leik hjá honum.

birnadrofn@frettabladid.is

Garðtraktorar
fyrir þá kröfuhörðu

Cub Cadet
Gerir sláttinn auðveldari

ÞÓR HF

Reykjavík: Krókhálsi 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Baldursnes 8, 603 Akureyri, Sími 568-1555
Opnunartími: Opið alla virka daga, Lokað um helgar
Vefsíða og netverslun: www.thor.is

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Þegar sumarið kallar á þig. **Hilux Invincible**

ÍSLENSKA SÍA ES TOY 91822 05/19

VR
FYRIRTÆKI
ÁRSINS
2019

Verð frá: 5.950.000 kr.

Invincible 33" breytingapakki að verðmæti 700.000 kr. fylgir

Hilux er ódrepandi harðjaxl og með 33" breytingu eruð þið ósigrandi saman. Hilux Invincible kemur þér þangað sem þig langar, hvort sem það er leiðangur upp til fjalla, næsti veiðitúr eða bara að komast aðeins út fyrir borgina til að ná andanum. Hilux Invincible aukahlutapakki: 33" breyting, hlíf undir framstuðara, gluggavindhlífar, króm á afturljós og Invincible-merki.

Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

3+4 ÁBYRGÐ

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Fundur flokksformanna skilaði engum árangri

ALÞINGI „Það var bara verið að skoða stóru myndina en það er nú ekki hægt að segja að það hafi verið mikill árangur af því. Það ríkir mikil óvissa um framhaldið en staðan er í sjálfu sér jákvæð hvað það varðar að það er allt sumarið fram undan og nægur tími," sagði Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, eftir fund formanna flokkanna á Alþingi í gær.

Á dagskrá þingfundar í dag eru 45 mál auk óundirbúins fyrirspurnartíma. Enn er ósamið um umræðuna um þriðja orkupakkann og þinglokin.

„Það er auðvitað æskilegt að línur fari að skýrast. Til þess að þær geri það þarf fólk stundum að eiga nokkra árangurslitla og kannski árangurslausa fundi. Ég lít ekki þannig á að þótt við höfum ekki náð í land enn þá að það hafi verið ástæðulaust að hittast," segir Logi.

Varðandi umræðuna um þriðja orkupakkann segir hann ljóst að málið hefði komið allt of seint fram. Þar fyrir utan flækir það málið að ríkisstjórnin boði nú breytingar á fjármálastefnu.

Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Það má alveg segja að ríkisstjórnin sé búin að koma sér í tvöfalda spennitreyju. Annars vegar spennitreyju fjármálastefnunnar og hins vegar í spennitreyju í störfunum inni á þingi."

Breytingar á fjármálastefnu sé gríðarlega stórt mál sem þurfi að ræða vel. „Ég hlýt auðvitað að gagnrýna ríkisstjórnina fyrir að koma svona seint inn með það mál vegna þess að breytingin sem er verið að gera er í rauninni fullkomlega í takti við þá gagnrýni sem kom á fjármálastefnuna." - sar

Skerðing bóta verði 65 aurar á móti krónu

ALÞINGI Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, mælir í dag fyrir frumvarpi þess efnis að svokallaðri krónu á móti krónu skerðingu verði breytt. Er lagt til að atvinnutekjur skerði sérstaka framfærsluuppbót örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega um 65 aura á krónu í staðinn.

Þá er lagt til að í stað þess að bakreikningur sé sendur öryrkjum í árslok verði gert uppgjör mánaðarlega. „Þessar breytingar eru hugsaðar með það að markmiði að það sé aukinn hvati fyrir fólk að fara út á vinnumarkaðinn," segir Ásmundur.

Ásmundur segir frumvarpið vera lið í breytingum á félagsmálakerfinu. „Breytingarnar sem við erum að gera þarna eru breytingar sem ríma síðan við það sem mun taka við í nýja kerfinu, en við erum að stíga fyrsta skrefið. Þannig, já, það má búast við frekari breytingum."

Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands, segist mjög sátt með þann lið frumvarpsins sem snýr að því að bakreikningarnir verði ekki lengur fyrir heilt ár heldur breytist þeir í mánaðarlegar greiðslur.

„Við erum búin að bíða eftir því síðan á síðasta ári, frá því að við fengum staðfestingu á því að hægt væri að taka upp samtíma keyrslu á örorkulífeyri svo að fólk væri ekki að fá þessa hræðilegu bakreikninga," segir Þuríður.

Ásmundur Einar segir að búast megi við frekari breytingum á kerfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þegar kemur að liðnum sem snýr að krónu á móti 65 aurum segir Þuríður að Öryrkjabandalagið hafi viljað afnema skerðinguna algjörlega.

„Mér finnst þetta dálítið aumt bara. Það er búið að hringla um þetta svo lengi og það var alltaf talað um það að þegar það ætti að fara að breyta almannatryggingakerfinu ætti að fara að vera hægt að taka út þessa skerðingu."

Þó sé verið að taka jákvætt skref. „Vonandi gengur þetta í gegn svo þessir peningar geti farið í notkun því að ekki veitir af." - ókp

Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðraganga, segir ökumenn löghlýðna. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Ekkert hraðaeftirlit í Vaðlaheiðargöngum

Hraðamyndavélar lögreglu hafa ekki enn verið settar upp í Vaðlaheiðargöngum en göngin hafa verið opin nú í tæpt hálft ár. Framkvæmdastjóri segir stutt í að búnaður verði settur upp en ökumenn almennt löghlýðna í göngunum.

LÖGGÆSLA Engar hraðamyndavélar hafa verið settar upp í Vaðlaheiðargöngum en vonir standa til að þær verði settar upp á þessu ári. Göngin hafa verið opin núna í tæp hálft ár án myndavélaeftirlits lögreglunnar. Framkvæmdastjóri ganganna segir hins vegar notendur ganganna einstaklega löghlýðna á þessum fyrstu mánuðum.

Lögreglan á Akureyri segir myndavélaeftirlitið ekki á sinni könnu heldur sé það í raun Vegagerðin sem setji upp eftirlitsmyndavélarnar. Síðan sé það lögreglustjórinn á Vesturlandi sem sjái um úrvinnslu gagna úr eftirlitsmyndavélum sem þessum og sekti ökumenn fyrir of hraðan akstur. Embættið hafi því yfirumsjón með öllum hraðamyndavélum landsins.

Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjóri á Norðurlandi eystra, segir myndavélarnar verða settar upp fljótlega. „Við höfum ekki verið að ýta á eftir því sérstaklega sökum þess að við höfum fengið af því fréttir að þær séu á leiðinni. Við höfum hins vegar farið í eftirlit inn í göngin en svo munu vélarnar hjálpa til þegar þær verða settar upp," segir Halla Bergþóra.

> **Við höfum ekki verið að ýta á eftir því sérstaklega sökum þess að við höfum fengið af því fréttir að þær séu á leiðinni.**
>
> Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjóri Norðurlands eystra

Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga, segir að þótt eftirlitsmyndavélarnar séu ekki komnar upp séu ökumenn afar löghlýðnir í göngunum. „Við sjáum hraða ökutækja hjá okkur en það er ekki hluti af vegaeftirlitinu. Það sem við höfum séð er að langflestir ökumenn aka á milli 60 og 70 kílómetra hraða á klukkustund. Aðeins sárafáar bifreiðar hafa keyrt göngin á yfir 100 kílómetra hraða en þar er aðeins um forgangsakstur að ræða hjá lögreglu og slökkviliði," segir Valgeir. „Við erum afar ánægðir með hvernig umferðarmenningin er í göngunum."

Valgeir segir að allt sé klárt varðandi uppsetningu hraðamyndavélanna í göngunum og nú þurfi aðeins að koma þeim upp og setja í samband. „Allt er í rauninni tilbúið og tengingar fyrir hendi til þess að búnaðurinn geti virkað. Því verður afar fljótlegt að setja upp þennan búnað um leið og hann kemur í göngin," bætir Valgeir við.

sveinn@frettabladid.is

KILJUR, KRIMMAR OG KLASSI

ALLAR KILJUR Á ÍSLENSKU
20% AFSLÁTTUR

ALLIR ERLENDIR KRIMMAR
20% AFSLÁTTUR

21% AFSLÁTTUR

VITRA Ball Clock rauð
TILBOÐSVERÐ: 32.900.-
Verð áður: 41.900.-

20% AFSLÁTTUR

VITRA Hang-It-ALL
brúnt / hnota
TILBOÐSVERÐ: 31.900.-
Verð áður: 39.900.-

30% AFSLÁTTUR

Flamingó 26 cm
(gull eða silfur)
TILBOÐSVERÐ: 2.589.-
Verð áður: 3.699.-

30% AFSLÁTTUR

Kanína gull (12 eða 15 cm)
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 839.-
Verð áður frá: 1.199.-

VITRA Toolbox
TILBOÐSVERÐ: 4.490.-
Verð áður: 5.400.-

17% AFSLÁTTUR

EAMES House Bird
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 17.900.-
Verð áður frá: 21.500.-

Skittle Bottle hita- og kælibrúsi (500 ml)
Verð: 4.999.-

Austurstræti 18	Álfabakka 16, Mjódd	Hafnarfirði - Strandgötu 31	Ísafirði - Hafnarstræti 2
Skólavörðustíg 11	Kringlunni norður	Keflavík - Sólvallagötu 2	Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Laugavegi 77	Kringlunni suður	Akureyri - Hafnarstræti 91-93	Húsavík - Garðarsbraut 9
Hallarmúla 4	Smáralind	Akranesi - Dalbraut 1	

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími bókatilboða er til og með 4. júní. Gildistími annara vara er til og með 10. júní, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Grillaði grillið

ELDSVOÐI Eldur kom upp í garði í Vestubænum í gær þar sem kviknað hafði hressilega í gasgrilli. Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu var kallað út og gekk greiðlega að slökkva í grillinu sem skíðlogaði.

„Það logaði hressilega í gasgrilli. Við skrúfuðum fyrir kútinn," sagði talsmaður slökkviliðsins í samtali við Fréttablaðið.

„Það var bara verið að elda á grillinu. Það tók svona 30 sekúndur, skrúfa fyrir kútinn og málið var afgreitt." **– ilk**

Lögreglan hafði í nógu að snúast.

Kviknakinn maður og ölvun

LÖGREGLUMÁL Mikill erill var hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu á laugardagskvöld og aðfaranótt sunnudags vegna ölvunar og hávaða. Í dagbók lögreglu vakti tilkynning um kviknakinn mann í húsgarði í Vesturbæ Reykjavíkur klukkan hálf fimm um nótt mikla athygli. Ekki liggur fyrir hvað manninum gekk til.

Fleiri menn í annarlegu ástandi urðu á vegi laganna varða. Einn var handtekinn fyrir að tálma störf lögreglu og fara ekki að fyrirmælum. Annar sparkaði í lögreglumann og var vistaður í fangageymslu. Tólf ökumenn voru stöðvaðir á höfuðborgarsvæðinu grunaðir um akstur undir áhrifum áfengis eða fíkniefna. Til að kóróna viðburðaríka vakt þá sinnti lögreglan einnig útkalli vegna sinubruna við Heiðmerkurveg klukkan 21 á laugardag, en hann reyndist minniháttar. **– smj**

Donald Trump stendur í strengju gagnvart Mexíkó. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Trump full alvara með toll á Mexíkó

BANDARÍKIN Mick Mulvaney, starfsmannastjóri Hvíta hússins, segir að hugmyndir Donalds Trump um tolla á innfluttar vörur frá Mexíkó fúlustu alvöru. Þetta kom fram í samtali starfsmannastjórans við Fox sjónvarpsstöðina í gær.

Trump sagðist í síðustu viku ætla að leggja fimm prósenta toll á allar vörur frá Mexíkó til að þrýsta á þarlend stjórnvöld til að grípa til aðgerða vegna ólöglegra innflytjenda.

Mulvaney viðurkenndi að ekki væru til staðar áþreifanleg viðmið til að meta hvort Mexíkó væri að gera eitthvað til að takmarka fjölda innflytjenda til Bandaríkjanna frá Mið-Ameríku.

Hann sagði þó að ástandið þyrfti að lagast verulega og það fljótt. Bandarísk stjórnvöld væru reiðubúin til samvinnu um aðgerðir til að tryggja árangur. **-sar**

Rætt verður um samgöngur og skipulagsmál á höfuðborgarsvæðinu á málþinginu sem fram fer í Norræna húsinu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þurfum að snúa við blaðinu og breyta samgönguvenjum

Ný rannsókn um samgöngur og skipulagsmál verður kynnt á málþingi í Norræna húsinu í dag. Íslenskur dósent við Umhverfisháskóla Noregs segir að einkabíllinn hafi verið í of miklum forgangi við hönnun og skipulag byggðar á höfuðborgarsvæðinu. Það verði mikil áskorun að breyta samgönguvenjum fólks.

SKIPULAGSMÁL „Einkabílnum hefur verið forgangsraðað mjög mikið í hönnun og skipulagi byggðar á höfuðborgarsvæðinu síðustu áratugi. Þéttleiki byggðarinnar er líka mjög lítill. Þetta á stóran þátt í að það er mikil áskorun að snúa blaðinu við til að breyta samgönguvenjum. En við verðum að gera það því núverandi þróun er ekki sjálfbær," segir Harpa Stefánsdóttir, dósent við skipulagsdeild Umhverfisháskóla Noregs (NMBU).

Málþing um samgöngur og skipulag á höfuðborgarsvæðinu fer fram í Norræna húsinu í dag klukkan 13-17. Þar verður meðal annars fjallað um niðurstöður úr rannsóknarverkefni Hörpu og samstarfsmanna hennar við NMBU og Háskóla Íslands.

„Akademían í skipulagsfræðum hér á landi er mjög lítil. Rannsóknin og málþingið er leið til að leggja eitthvað til samfélagsins," segir Harpa en hún hefur starfað við NMBU í Noregi frá 2010. Rannsóknin sem kynnt verður á málþinginu byggir á norsku rannsóknarverkefni um Ósló og Stavanger sem nýlega er lokið. Bæði verkefnin fara inn á hvernig staðsetning búsetu hefur áhrif á ferðavenjur fólks og hvert það fer.

> **Rannsóknin og málþingið er leið til að leggja eitthvað til samfélagsins**
>
> Harpa Stefánsdóttir dósent

„Þetta tengist ýmsu í hinu daglega lífi og því sem liggur að baki þeim ákvörðunum sem fólk tekur," segir Harpa.

„Norska verkefnið var mjög viðamikið og hlaut styrk úr Rannsóknarsjóði Noregs. Fljótlega eftir að vinnan við það hófst fór ég að leita leiða til að gera sömu rannsókn á höfuðborgarsvæðinu. Það er mjög mikilvægt að efla til munarannsóknir sem tengjast borgarskipulagi hérlendis þótt íslenska tilviksrannsóknin hafi úr litlu fé að moða miðað við þá norsku. Það takmarkar okkur auðvitað heilmikið."

Norsku rannsókninni er nú lokið en í tengslum við hana hafa nú þegar verið birtar í alþjóðlegum tímaritum þrettán ritrýndar greinar. Vinna við rannsóknina á höfuðborgarsvæðinu, sem byggði meðal annars á könnun úr tíu þúsund manna úrtaki, er nú langt komin. Það sem er sérstakt við nálgunina í þessum rannsóknum eru viðtöl við fólk þar sem leitað er að orsakasamhengi, hvað það er sem liggur að baki vali á áfangastöðum og ferðavenjum.

„Við erum búin að safna mjög miklu af gögnum og getum vonandi unnið meira úr þeim síðar. Til dæmis um hreyfingu og notkun grænna svæða, en við erum m.a. að leita að viðmiðum sem tengjast hugmyndafræði um grænar borgir og þéttleika byggðar."

Á málþinginu verða, eins og áður segir, fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar kynntar auk þess sem aðilar úr stjórnsýslu skipulagsmála verða í pallborði.

„Notkun einkabílsins er miklu miklu meiri hér en til dæmis í Noregi. Þar kemur ýmislegt til. Meðal annars hefur umhverfið verið mikið til skipulagt miðað við notkun einkabílsins síðustu áratugi. En það er ekki nóg að bara segja fólki að fara að ganga meira, hjóla og taka strætó, það er líka á ábyrgð stjórnvalda og þeirra sem koma að skipulagsmálum að gera það aðlaðandi."

Harpa segir að í heildina séu áhrif byggðamynstursins á ferðavenjur svipaðar og í Noregi.

„En við erum líka að skoða hvað liggur að baki þeim. Hér fara ótrúlega margir ferða sinna á bíl og sumir meira að segja alltaf á bíl, þótt um örstutta vegalengd sé að ræða. Hér spilar upplifun á umhverfinu inn í." **sighvatur@frettabladid.is**

Firnasterk staða Joes Biden í forvali Demókrata

BANDARÍKIN Joe Biden, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna undir Barack Obama, hefur mælst langvinsælastur í forkosningum Demókrata allt árið.

Hingað til hefur ekki litið út fyrir að nokkur annar frambjóðandi nái að skáka Biden og ef fram heldur sem horfir mun hann tryggja sér útnefningu flokksins til forsetaframboðs fyrir kosningar næsta árs.

Samkvæmt meðaltali skoðanakannana sem Real Clear Politics tekur saman mælist Biden með 34,8 prósent. Næstur er Bernie Sanders, öldungadeildarþingmaður og næstvinsælastur í síðasta forvali, með 16,4 prósent. Vinsældir Bidens hafa minnkað frá því hann tók kipp í könnunum eftir að hann tilkynnti formlega um framboð. Lítið er þó hægt að lesa í þá þróun enda mátti sjá sams konar tölur hjá öðrum frambjóðendum.

Joe Biden, fyrrverandi varaforseti. NORDICPHOTOS/AFP

Bandarískir stjórnmálaskýrendur hafa misjafna sýn á hvort þetta mikla forskot Bidens muni endast. Þykir sum sé annað hvort líklegt að Biden muni fatast flugið eða að hann muni sigla þessu heim líkt og Hillary Clinton gerði árið 2016 eftir að hafa leitt í könnunum alla kosningabaráttuna.

The Washington Post hélt því fram að svo löngu fyrir kosningar væru kannanir óáreiðanlegar. Til að mynda hafi Joseph Lieberman leitt árið 2003 en ekki komist nærri sigri. Því er haldið fram að kappræðurnar gætu reynst Biden afar erfiðar og stuðlað að því að minnka forskot hans verulega.

CNN sagði hins vegar í úttekt sinni fyrr í maí að tölfræðin á bak við fylgi Bidens væri líkari tölfræði þeirra sem leiddu og unnu en þeirra sem leiddu en töpuðu. Lykilatriðið þar er að fylgi Bidens í fyrstu forkosningaríkjunum, Iowa, New Hampshire, Nevada og Suður-Karólínu, eru í samræmi við fylgið á landsvísu. Þannig gæti hann strax náð góðu forskoti. **- þea**

Stilling

Varahlutir í bílinn

Verksmiðjuábyrgð á þínum bíl er tryggð með vottuðum varahlutum frá Stillingu

Rafgeymar

Smursíur

Kerti, háspennukefli, kveikjuþráðasett, súrefnisskynjarar og loftflæðiskynjarar

Tímareimar og vatnsdælur



Kúplingar



Demparar, gormar og stýrisendar



Hemlahlutir

Stilling
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

Boeing sakað um fljótfærni við framleiðslu Max-véla

BANDARÍKIN Boeing 737 MAX vélarnar voru gallaðar frá byrjun og kom bilunin snemma upp í framleiðsluferlinu. Samkvæmt afhjúpun New York Times (NYT) fengu reynsluflugmenn, verkfræðingar og eftirlitsaðilar ekki að vita um mikilvægi MCAS-hugbúnaðarins sem átti að koma í veg fyrir að flugvélin myndi ofrísa. Boeing flýtti sér í framleiðsluferli 737 MAX vélanna þegar þeir reyndu að keppa við hinar nýju vélar Airbus. Reynt var að spara útgjöld með því að fjarlægja kafla um MCAS úr handbók flugmanna og sleppa því nauðsynlegri aukaþjálfun sem hefði kostað milljónir dollara.

Snemma í framleiðsluferlinu var flugvélin með tvo nema til að greina ofris, en Boeing tók út annan nemann. Nú hefur komið í ljós að nemarnir í flugvélunum tveimur sem hröpuðu í Indónesíu og Eþíópíu, sem varð 346 manns að bana, voru gallaðir. Flugvélar með 737 MAX vélum voru kyrrsettar um allan heim í kjölfarið. Boeing greindi frá því að þeir hefðu lokið við uppfærslu á hugbúnaðinum um miðjan maí.

Margir núverandi og fyrrverandi starfsmenn bandarískra flugvélaframleiðandans Boeing og Flugmálaeftirlits Bandaríkjanna sem komu að framleiðsluferlinu greindu frá því að þeir áttuðu sig ekki alveg á MCAS-hugbúnaðinum og gerðu ráð fyrir því að kerfið notaðist við marga nema, en ekki einn eins og var raunin. Að sögn NYT gerðu starfsmennirnir einnig ráð fyrir því að MCAS-kerfið myndi sjaldan vera virkjað. Í kjölfarið var réttindum úthlutað og ákvarðanir teknar varðandi hönnun vélarinnar og þjálfun flugmanna, allt út frá misskilningi.

Boeing flýtti sér of mikið við að framleiða 737 MAX vélarnar að sögn starfsmanna og voru boðskipti því óskýr. Flugmálaeftirlitið fékk ekki að heyra um breytinguna á MCAS-hugbúnaðinn fyrr en eftir fyrsta flugslysið. **– ilk**

Frá slysstað. NORDICPHOTOS/GETTY

Operu hlekktist á í Feneyjahöfn

ÍTALÍA Skemmtiferðaskipið MSC Opera sigldi á bryggju og ferju sem var við hana í Feneyjahöfn klukkan hálf níu í gærmorgun. Á þriðja þúsund manns voru um borð í skipinu og slösuðust fjórir farþegar en sluppu með minni háttar áverka samkvæmt fréttastofu Reuters.

Skipstjórinn missti stjórn á skipinu vegna vélarbilunar og reyndi hann að kalla eftir aðstoð með því að fá dráttarbáta til að hægja á skipinu. Það tókst ekki og skall skipið á bryggjunni og ferjunni.

„Þetta atvik staðfestir það sem við höfum sagt lengi: Skemmtiferðaskip ættu ekki að sigla niður eftir Giudecca skipaskurðinum," sagði Sergio Costa, umhverfisráðherra Ítalíu, á Twitter í gær.

Skemmtiferðaskipið sigldi eftir Giudecca skipaskurðinum, sem er vinsæl skipaleið sem liggur að hinu fræga Markúsartorgi í Feneyjum. Markúsartorg er einn vinsælasti ferðamannastaður heimsins og er hætta á að slys færist í aukana vegna umferðaröngþveitis í skipaskurðum Feneyja. **– ilk**

Andrea Nahles. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Leiðtogi þýskra Jafnaðarmanna segir af sér

ÞÝSKALAND Andrea Nahles, leiðtogi þýska Jafnaðarmannaflokksins, tilkynnti um afsögn sína í gær. Mun afsögnin formlega taka gildi í dag og á morgun mun hún formlega láta af störfum sem þingflokksformaður.

Jafnaðarmenn sem sitja í ríkisstjórn Angelu Merkel fengu aðeins 15,8 prósent atkvæða í kosningunum til Evrópuþingsins á dögunum. Er það versta útreið flokksins í kosningum í 156 ára sögu hans.

Andrea Nahles sagðist í yfirlýsingu ekki lengur njóta nauðsynlegs trausts til að vera í forystu fyrir flokkinn. Nahles hefur verið gagnrýnd af vinstri armi Jafnaðarmanna fyrir stjórnarsamstarfið með Merkel.

Óvíst er hvaða áhrif ákvörðun hennar mun hafa á þátttöku Jafnaðarmanna í ríkisstjórninni. Stjórnmálaskýrendur í Þýskalandi segja að það velti mikið á því hver eftirmaður Andreu verði hvort flokkurinn haldi samstarfinu áfram.

Kjósi Jafnaðarmenn að slíta samstarfinu myndi það líklega þýða að boðað yrði til kosninga. **-sar**

Víetnam talið líklegasta skotmark kínverska hersins

Nauðsynlegt er að fylgjast náið með samskiptum Kína og Víetnam í náinni framtíð. Kínverski herinn talinn hafa augastað á stríði við grannríkið til þess að öðlast reynslu sem hann telur sig þurfa á að halda.

KÍNA Eftir mikla og kostnaðarsama hernaðaruppbyggingu og til þess að uppfylla loforð Xi Jinping forseta um að kínverski herinn verði í heimsklassa fyrir árið 2050 er ljóst að kínverski herinn telur sig þurfa á raunverulegri reynslu að halda. Þetta er mat þeirra greinenda sem utanríkismálatímaritið The Diplomat ræddi við í maí. Einn þeirra, Dennis Blasko, bendir á að herforingjar innan kínverska hersins séu sjálfir afar gagnrýnir á hæfni kínverska hersins, komi til raunverulegs stríðs.

Bandaríkin hafa aftur á móti verið í hverju stríðinu á fætur öðru og eru þar af leiðandi reynslunni ríkari. Jimmy Carter, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, minnti á þetta í apríl og sagði aukinheldur: „Vitið þið hversu oft Kína hefur farið í stríð frá árinu 1979? Aldrei. Á sama tíma höfum við verið samfellt í stríði."

Til þess að öðlast nægilega reynslu dugar ekki í huga Kínverja, að mati sérfræðinga, að berjast við Indverja á landamærunum hátt uppi í Himalajafjöllum. Stríð á Kóreuskaga myndi svo einskorðast of mikið við skagann sjálfan. Þess vegna þykir líklegt að sjónir kínverska hersins beinist einna helst að Víetnam.

Fyrst ber að nefna söguna. Síðasta stríð Kínverja var gegn Víetnam, árið 1979. Það var háð á landamærum ríkjanna tveggja og lauk með því að Kínverjar drógu sig í hlé og sneru aftur heim. Leiða má líkur að því að kínversk stjórnvöld skammist sín fyrir ósigurinn og telji sig hafa harma að hefna. Til marks um það voru allar minningarathafnir um fjörutíu ára afmæli stríðsins bannaðar í ár, að því er South China Morning Post greindi frá.

Að mati viðmælenda The Diplomat þykir einnig auka líkurnar á stríði við Víetnam að Kínverjar eiga í deilum við Víetnam um yfirráð á Suður-Kínahafi. Ríkin deildu til að mynda í maí 2014 um veru kínversks olíuborpalls á svæði sem bæði ríki gera tilkall til. Þá þykir stríð við Víetnam ólíklegt til þess að leiða af sér beina þátttöku Bandaríkjamanna enda eiga Víetnamar ekki í öryggissambandi við Bandaríkin öfugt við til dæmis Japan eða Suður-Kóreu.

Þriðja ástæða kínverska hersins fyrir mögulegu stríði við Víetnam er svo sögð sú að Kínverjar væru afskaplega sigurstranglegir. Mun sigurstranglegri en þeir voru árið 1979 áður en svo miklu púðri var varið í uppbyggingu kínverska hersins.

„Ef Kínverjar teldu valdbeitingar þörf á svæðinu fyndist þeim ákjósanlegast að fara í stríð við Víetnam þar sem þannig gæti herinn öðlast nauðsynlega reynslu í sjó og í lofti án hættunnar á inngripi Bandaríkjamanna. Ekkert jafngott tækifæri býðst á svæðinu. Þess vegna er þörf á því að fylgjast nánar með sambandi Kína og Víetnam og Suður-Kínahafi í náinni framtíð," skrifaði Derek Grossman, varnarmálagreinandi hjá bandarísku hugveitunni RAND, um málið.

thorgnyr@frettabladid.is

Kínverskar herþotur við æfingar. Kínverjar hafa á undanförnum árum byggt upp herafla sinn. NORDICPHOTOS/GETTY



Xi Jinping hefur lofað því að herinn verði í heimsklassa. NORDICPHOTOS/AFP

Yfirburðir Modis raktir til þjóðernishyggju

INDLAND Slæmt efnahagsástand, mikið atvinnuleysi og skattastefna sem stefndi litlum og meðalstórum fyrirtækjum í lífshættu – þættir sem þessir hefðu alla jafna komið í veg fyrir að Narendra Modi og BJP-flokkurinn ynnu stórsigur í nýafstöðnum kosningum á Indlandi. Þetta kom fram í umfjöllun Foreign Policy. Allt kom þó fyrir ekki, BJP fékk 303 þingsæti af 543, kosningabandalag flokksins heil 352 og Modi situr áfram sem fastast.

Útskýra má þennan óvenjulega stórsigur Modis, samkvæmt Foreign Policy, með því að forsætisráðherrann hafi náð að ala á

Narendra Modi, forsætisráðherra Indlands. NORDICPHOTOS/AFP

ótta gagnvart ólöglegum innflytjendum, þjóðaröryggishættum og hryðjuverkasamtökum. Hann hafi, með þjóðernishyggjuna að vopni, náð að fylkja hindúum að baki sér. Þetta mátti til að mynda sjá á sigurræðu Modis þar sem hann sagði veraldarhyggjuna og hugmyndina um aðskilnað ríkis og trúar hefðu borið skipbrot.

Haft var eftir Mohan Bhagwat, einum hugmyndasmiða BJP, í þessu samhengi að íbúar Indlands væru hindúar. BJP hafi því komið því í gegn á síðasta ári að múslimar í ríkjum á borð við Assam, sem er á landamærunum við Bangladess og hýsir því nokkurn fjölda múslima, yrðu með í manntalinu. Þessir múslimar voru því ekki á kjörskrá en hefðu trúlega síður kosið BJP enda byggist flokkurinn á hindúaþjóðernishyggju.

Í ljósi stefnumála má segja að Modi sé nokkurs konar indversk hliðstæða Donalds Trump Bandaríkjaforseta. Áherslan liggur á þjóðaröryggi gagnvart utanaðkomandi ógn á borð við ólöglega innflytjendur og hryðjuverkasamtök. Þá fullyrða báðir að „hinn þögli meirihluti" styðji sig. Hins vegar virðist staða Modis mun sterkari en Trumps, sé miðað við kosningarnar á Indlandi og skoðanakannanir í Bandaríkjunum. **– þea**

NÝTT
laktósafrír
Djoef
MED KARAMELLUKULUM
Daim
INSIDE
Djoef
KÓKOSÍS MED LÚXUSDÝFU
LAKTÓSAFRÍR
Djoef
MED KARAMELLUFYLLINGU
Djoef
MED PIRARDUFTI
Djoef
MED VANILLUBRAGÐI
emmessis
HNETU
Toppur
emmessis
NAMMI
Toppur
Daim
INSIDE
Toppur
emmessis
BANANA
Toppur
ÍSNÁL
ÁPPELSÍN
emmessis
2019
LURKAR
Trúðaís
with
skyr
and organic berries
Sjeik
emmessis
Sjeik
rjóminn
af
sumrinu
emmessis.is
emmessis

Uppi á þaki

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Fjármálaráðuneytið Arnarhvoli er ekki beinlínis bygging sem almenningur virðir alla jafna fyrir sér með forvitni þótt hún sé fremur falleg. Nú hefur orðið breyting þar á því á þaki hússins má sjá ellefu fígúrur úr steyptu áli. Þarna standa þær reistar og stoltar og kalla á athygli. Þær eru sköpun listakonunnar snjöllu, Steinunnar Þórarinsdóttur, og settar upp í tilefni árs listar í almannarými.

Sýningin nefnist Tákn og verurnar sem þar blasa við virka kynlausar en samt er ekki víst að allir sjái þær þannig. Á þaki fjármálaráðuneytisins kunna einhverjir að flokka þær sem fulltrúa þess karlveldis sem skóp fjármálaheiminn og leggur mikið á sig til að viðhalda og varðveita kapítalismann. Aðrir kunna að sjá þær sem áminnandi og milda gæslumenn ráðuneytis þar sem nauðsynlegt sé að sýna skynsemi og aðhald og starfa í þágu fólks en ekki sérhagsmuna. Einhverjir sjá þær kannski einungis sem skraut og aðrir sem eitthvað allt annað. En hvernig sem fólk vill túlka þessar fígúrur á þaki fjármálaráðuneytisins þá verður því vart á móti mælt að þær eru hin mesta bæjarprýði. Þeir vegfarendur sem alla jafna eru glaðlyndir og kátir, eins og fólk á auðvitað að vera, gætu jafnvel látið eftir sér að kinka kankvíslega kolli í átt til þeirra. Listaverk eiga nefnilega sitt líf og það er enginn vandi að eiga í samskiptum við þau, þótt þau séu vitanlega án orðaskipta. Þetta vita allir þeir fjölmörgu einstaklingar sem búa yfir hrifnæmi.

Auðvitað ættu þessar tilkomumiklu fígúrur Steinunnar Þórarinsdóttur að fá að vera þarna á sínum stað á þakinu til frambúðar og gleðja borgarbúa og gesti höfuðborgarinnar. Þannig yrði fjármálaráðuneytið að byggingu sem setti verulegan svip á borgina og yrði til mikillar prýði. Mynd af fjármálaráðuneytinu með fígúrunum góðu kæmist í ferðamannabækur og bæklinga og erlendir ferðamenn myndu leita bygginguna uppi og stara í lotningu á þak hennar. Því miður mun þetta þó ekki verða raunin því fígurunum er gert að kveðja hinn 1. september næstkomandi, sem er vitanlega afleitt. Ef ekki er hægt að snúa þeirra ákvörðun við og gera fjármálaráðuneytið að heimili þessara fígúra þá ætti að nota hugmyndina og koma þeim eða öðrum svipuðum fyrir á stað eða stöðum sem henta.

Ár listar í almannarými er fyrirtaks framtak, en það þyrfti að skila einhverju varanlegu, ekki bara útilistaverkum sem standa í einhverja mánuði og hverfa síðan. Það veitir ekkert af að prýða höfuðborgina og sannarlega er ekki verra ef það er gert á frumlegan hátt, eins og Steinunn Þórarinsdóttir hefur gert.

Við lifum í þjóðfélagi þar sem hraðinn verður æ meiri og allir eru að flýta sér. Útilistaverk gera það að verkum að sá sem sér þau staldrar við, þótt ekki sé nema stutta stund, verður venjulega fyrir áhrifum og hrífst. Við höfum sannarlega öll gott af því að láta hrífast og dást að einhverju öðru en okkar eigin ímyndaða mikilvægi.

Það veitir ekkert af að prýða höfuðborgina og sannarlega er ekki verra ef það er gert á frumlegan hátt.

Halldór

Frá degi til dags

Liverpool til bjargar?
Meðal þeirra sem fögnuðu sigri Liverpool í Meistaradeildinni um helgina voru Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra. Eru þau bæði þekkt fyrir mikinn stuðning við þá rauðklæddu eins og sést oft á samfélagsmiðlum. Annar mikill Liverpoolmaður er Gunnar Bragi Sveinsson sem þó hafði hægt um sig á samfélagsmiðlum um helgina. Það er spurning hvort þremenningarnir og aðrir stuðningsmenn Liverpool á þingi geri sér ekki dagamun frá umræðum um þriðja orkupakkann. Þeir gætu til dæmis komið saman og horft á endursýningu á leiknum sem þrátt fyrir takmarkað skemmtanagildi telst hátíð hjá hinum valmöguleikanum.

Orkan í Ölveri
Liverpoolmenn fjölmenntu að vanda í Ölver í Glæsibæ til að horfa á leikinn. Svo illa vildi til að rafmagnið fór af staðnum og allir skjáir urðu svartir. Sem betur fer stóð vandamálið yfir í stuttan tíma og var bundið við hálfleikinn þannig að enginn þurfti að missa af neinu. Verri samsæriskenningar hafa verið smíðaðar en að hér hafi talsmenn Orkunnar okkar verið að verki. Þeir hafi viljað sýna fram á kolsvarta framtíð sem biði Íslands í heimi þar sem þriðji orkupakkinn hefur verið samþykktur. **sighvatur@frettabladid.is**

Orkuskiptin

Eyþór Arnalds,
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Orkan okkar hefur breytt miklu. Rafljós kom í stað gas- og lýsisljóss. Heita vatnið kom í stað kolakyndingar. Fyrst kom hitaveita í Reykjavík fyrir 90 árum. Það var bylting. „Kolefnissporið“ var ansi áberandi enda lá þykkur reykjarmökkur yfir borginni. Tvennt vannst með hitaveitunni. Umhverfisbót og sparnaður gjaldeyris. Sambærilegt átak er mögulegt með orkuskiptum í samgöngum. Á hverju ári flytjum við inn gríðarlega mikið af eldsneyti á bifreiðar, bæði dísil og bensín. Kostnaðurinn er tugir milljarða á hverju ári. Flestir eru sammála um að ekkert land sé í betri færum til að fara í orkuskipti í samgöngum, en einmitt Ísland.

Við höfum stigið varfærin skref á síðustu fimm árum, en lengra þarf að ganga til að fara alla leið. Í Noregi hefur sala rafbíla tekið risastökk og voru 58% nýrra bíla hreinir rafbílar í mars. Þar hefur þó komið í ljós að uppbygging innviða hefur verið of hæg. Við þurfum að auðvelda þeim sem búa í fjölbýli að hlaða rafbíla sína. Reykjavíkurborg getur sem eigandi Orkuveitu Reykjavíkur farið í hraða uppbyggingu á innviðum fyrir rafbíla. Hingað til hefur verið farið í takmörkuð tilraunaverkefni sem lofa góðu.

Nú er rétti tíminn til að taka stóra skrefið líkt og forverar okkar í borgarstjórn gerðu þegar hitaveitan fór af stað. Með þessu vinnum við svo margt. Loftgæði batna. Losun gróðurhúsalofttegunda minnkar. Gjaldeyrir fyrir tugi milljarða sparast. Svo ekki sé minnst á bætta hljóðvist. Sjálfur hefur ég verið á rafmagnsbílum eingöngu síðustu fimm og hálft ár. Reynslan er ekki góð. Hún er frábær. Ef Jón Þorláksson og aðrir forgöngumenn hitaveitunnar í Reykjavík gátu gert þetta mikla átak fyrir um 90 árum eigum við tvímælalaust að geta auðveldað íbúum höfuðborgarinnar að nýta íslenska og hreina orku á bílana okkar. Strætó og atvinnutæki eru ekki undanskilin. Rafhjól og skutlur líka. Nýtum þetta tækifæri og förum alla leið.

Nú er rétti tíminn til að taka stóra skrefið líkt og forverar okkar í borgarstjórn gerðu þegar hitaveitan fór af stað.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Hættan af glæpum

Í DAG

Guðmundur Steingrímsson

Ég ætla ekki að draga í efa þá niðurstöðu Ríkislögreglustjóra, sem embættið hefur nú opinberað með skýrslu, að íslensku samfélagi stafi gríðarleg hætta af skipulagðri glæpastarfsemi. Sjálfsagt hefur embættið mikið til síns mál. Einhverjir tugir, eða hundruð, glæpamanna starfa skipulega á Íslandi segir löggan, svindla á kerfum og sinna eftirspurn eftir ólöglegum varningi og þjónustu, aðallega eiturlyfjum, undirborguðu vinnuafli (þrælum) og vændi.

Megi lögreglunni vegna sem allra best í að uppræta svona óáran og vísast er nokkuð til í því — þótt ég voni að það sé ekki eina ástæða skýrslunnar — að lögreglan þarf meira fé til þess arna.

En sem sagt. Löggan segir þetta. Maður hlustar. Í kjölfarið vakna samt fjölmargar spurningar og vangaveltur fyrir svona óþolandi afstæðispésa eins og maður er, sífellt nöldrandi „en þetta“ og „en hitt“. Ég iða af spurningunum. Hvað á lögreglan við? Er Ísland hættulegt? Hvers eðlis er þessi vandi?

Örugg veröld

Nú er ég í útlöndum, búinn að ferðast með fjölskyldunni um lönd sem mörg hver hafa þannig orðspor hvað glæpi varðar að sumir vinir mínir héldu að við hjónin værum klikkuð að ætla að fara þangað með börnin. En við höfum ekki lent í neinu misjöfnu, aldrei fundið til óöryggis eða verið ógnað á nokkurn hátt. Við höfum bara kynnst góðu fólki. Og hvað er ég að segja með þessu? Jú, þrátt fyrir að í Kólumbíu, svo ég nefni dæmi, hafi ekkert mætt okkur nema elskulegheitin, þá vitum við auðvitað að í Kólumbíu er líka að finna einhverjar harðsvíruðustu glæpaklíkur jarðar, jafnvel verri en á Íslandi. Ein af uppgötvunum okkar á ferðalaginu er hins vegar sú að öryggi felst ekki bara í því hvernig heimurinn er heldur líka í því hvernig maður sjálfur hagar sér. Ef maður er ekki úti í botngötu klukkan tvö um nótt að sverma fyrir kaupum á ofskynjunarsveppum eða skannandi barina í leit að ódýru vinnuafli fyrir leynilegan námugröft, þá lendir maður ekki í miklu veseni. Ef maður sjálfur er varkár og lætur hjá líða að gera heimskulega hluti, þá er veröldin eins örugg og hún getur yfirleitt verið.

Sama er væntanlega uppi á teningnum á Íslandi. Ef maður er ekki fáviti, svermandi fyrir vændi og ódýru vinnuafli, eða fastur í viðjum fíknar, þá er Ísland jafnvel enn öruggara en það raunverulega er samkvæmt öllum alþjóðlegum samanburði.

Að uppræta undirheima

Mig grunar að veröldin sé orðin þannig í mun meiri mæli en áður, að glæpirnir séu í glæpaheimum, en snerti minna aðra en þá sem lifa þar og hrærast, sem gerendur eða þolendur. Verkefnið er þar með að fækka þeim sem búa í glæpaheimum. Við eina brú í Kostaríka, þar sem gjarnan er hægt að sjá urmul af krókódílum, var áður mikið um smáglæpi. Verið var að brjótast inn í bíla fólks á meðan það glápti á krókódílana. Núna hins vegar er framtakssamt fólk farið að bjóða ferðamönnum að fylgjast með bílunum þeirra og taka örlítið gjald fyrir. Kannski eru þetta sömu menn og voru áður ræningjar. Þeir hafa séð meiri möguleika í þessu. Svipað er að gerast mjög víða held ég. Hagur fólks af því að ferðamenn séu öruggir er svo mikill, að rán og rupl eru álitin tilræði við samfélagið og sjálfa tekjulindina.

Hér sést hið fornkveðna. Til þess að glíma við glæpi er ekki endilega besta lausnin að hella fé í lögregluna svo að hún geti komið bófum bak við lás og slá, þótt oft sé vissulega ærið tilefni til þess. Það gæti hins vegar orðið eilífðarbarátta. Ég held að viðureignin við glæpi hljóti alltaf að fela í sér hið margbrotna og erfiða verkefni að breyta samfélagi, hugsunarhætti, að opna augu. Ef eftirspurn fíkla er sinnt af öðrum en smyglurum — til dæmis meðferðarstofnunum — hverfur eftirspurnin á hinum ólöglega markaði. Glíman er við eftirspurnina, ekki framboðið. Ný hugsun breytir eðli verkefnisins.

Máttur nýrrar nálgunar

Í Kólumbíu var saminn friður við skæruliðasamtök byltingarsinna í sársaukafullu ferli sem þurfti mikið hugrekki. Þar með hættu skæruliðarnir að fjármagna starfsemi sína með eiturlyfjaframleiðslu og glæpum og bjóða núna frekar fram til þings, eins og menn gera á Íslandi og víðar. Í landinu ríkir langþráður friður. Enginn vill hverfa aftur til fyrri tíma. Barátta lögreglu og hers við skæruliðana skilaði engu. Það þurfti aðra hugsun. Því segi ég þetta og ég vona að lögreglan sé því að einhverju leyti sammála: Mesta hættan sem steðjar að samfélagi, svona glæpalega séð, er sú að glíman við glæpi verði einstrengingsleg, þvermóðskufull og laus við alla viðleitni til þess að skilja veröldina og leysa vandamálin með nýrri nálgun. Það er oft erfitt, en líklega skilar ekkert annað meiri árangri.

FLYTJENDUR:

HERDÍS ANNA JÓNASDÓTTIR, SÓPRAN
HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR, ALT
ELMAR GILBERTSSON, TENÓR
ODDUR ARNÞÓR JÓNSSON, BASSI,
MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU,
SCHOLA CANTORUM,
HÁTÍÐARHLJÓMSVEIT KIRKJULISTAHÁTÍÐAR,
HÖRÐUR ÁSKELSSON, STJÓRNANDI

OPNUNARTÓNLEIKAR KIRKJULISTAHÁTÍÐAR MYSTERIUM, OP. 53,
NÝ ÓRATÓRÍA EFTIR HAFLIÐA HALLGRÍMSSON
LAUGARDAGINN 1. JÚNÍ KL. 17 FRUMFLUTNINGUR - SUNNUDAGINN 2. JÚNÍ KL. 17 Í HALLGRÍMSKIRKJU
Mysterium, op. 53, er tileinkað Herði Áskelssyni og Listvinafélagi Hallgrímskirkju. Isabelle Demers konsertorganisti leikur tvo þætti úr L'Ascension eftir Olivier Messiaen í upphafi tónleikanna. Miðaverð: 6.900 kr.

ÚTLENDINGURINN
MÁNUDAGINN 3. JÚNÍ KL. 21 Í HALLGRÍMSKIRKJU
Höfundur og flytjandi: Halldór Hauksson. Leikraddir: Davíð Þór Jónsson, Guðjón Davíð Karlsson og Þröstur Leó Gunnarsson. Verk í hljóðum, tali og tónum um leit mannsins að samastað í staðlausum heimi byggt á samnefndri skáldsögu eftir Albert Camus. Miðaverð: 2.900 kr.

MARÍUSÖNGVAR FRÁ MONTSERRAT
„Þeir vilja stundum syngja og dansa"
ÞRIÐJUDAGINN 4. JÚNÍ KL. 21 Í HALLGRÍMSKIRKJU
Tónlistarhópurinn Umbra ásamt gestum: Marina Albero, psalterium, Eggert Pálsson, slagverk, Kristófer Rodriguez Svönuson, slagverk og Þórdís Gerður Jónsdóttir, selló. Sönghópurinn Cantores Islandiae.
Tónlistarhópurinn Umbra, ásamt karlasönghóp og öðrum gestum, þar á meðal Marinu Albero, sem er einn fremsti psalterium-leikari heims, flytja katalónska og norræna Maríusöngva frá miðöldum. Miðaverð: 5.900 kr.

HÁTÍÐARHLJÓMAR KIRKJULISTAHÁTÍÐAR — TVEIR TRompetar OG ORGEL
MIÐVIKUDAGINN 5. JÚNÍ KL. 20 Í HALLGRÍMSKIRKJU
Flytjendur: Baldvin Oddsson, trompet, Jóhann Nardeau, trompet og David Cassan, orgel.
Trompetleikararnir Jóhann Nardeau og Baldvin Oddsson ásamt verðlaunaorganistanum David Cassan frá Frakklandi flytja hátíðartónlist eftir Charpentier, Vivaldi, Händel og fleiri auk þess sem Cassan leikur af fingrum fram.
Miðaverð: 4.900 kr.

TÖLVUR, KLAIS OG KLUKKUSPIL
LAUGARDAGINN 8. JÚNÍ KL. 21 Í HALLGRÍMSKIRKJU
Umsjón: Guðmundur Vignir Karlsson. Tónskáld: Ingi Garðar Erlendsson, Gunnar Andreas Kristinsson, Ragnhildur Gísladóttir, Sveinn Ingi Reynisson, Guðmundur Vignir Karlsson, Hlynur Aðils Vilmarsson og Halldór Eldjárn.
Tónlist eftir raftónskáld með nýjum hljómi þar sem MIDI-tölvubúnaður Klais-orgelsins er nýttur og verk tónskáldanna leikin af tölvum. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.



HÁTÍÐARTÓNLEIKAR MEÐ ALÞJÓÐLEGU BAROKKSVEITINNI Í HALLGRÍMSKIRKJU
„Dansar gleði og alvöru"
HVÍTASUNNUDAG 9. JÚNÍ KL. 20 Í HALLGRÍMSKIRKJU
Georgia Browne leikur einleik á flautu, Tuomo Suni, konsertmeistari.
Flutt verður glæsileg hátíðartónlist fyrir óbó, trompeta, pákur og strengi, meðal annars hin heimsþekkta Hljómsveitarsvíta í h-moll eftir Johann Sebastian Bach. Einleikari á tónleikunum er Georgia Browne, flautuleikari frá Ástralíu. Miðaverð: 6.900 kr.

LOKATÓNLEIKAR KIRKJULISTAHÁTÍÐAR 2019
„Eilífðareldur, uppspretta ástar" HVÍTASUNNUKANTÖTUR
ANNAN Í HVÍTASUNNU MÁNUDAGINN 10. JÚNÍ KL. 17
J.S. BACH:
Erschallet, ihr Lieder, BWV 172
O ewiges Feuer, o Ursprung der Liebe, BWV 34
Bleib bei uns, BWV 6
SIGURÐUR SÆVARSSON: Veni, Sancte Spiritus FRUMFLUTNINGUR
Flytjendur: Herdís Anna Jónasdóttir, sópran, Hildigunnur Einarsdóttir, alt, David Erler, kontratenór, Benedikt Kristjánsson, tenór, Oddur A. Jónsson, bassi, Schola cantorum, Mótettukór Hallgrímskirkju og Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju.
Hörður Áskelsson, stjórnandi
Yfir hundrað flytjendur reka glæsilegt smiðshögg á Kirkjulistahátíð með spennandi flumflutningi á nýrri íslenskri hvítasunnukantötu og þremur hátíðlegum kantötum eftir Bach.
Miðaverð: 7.900 kr.

Að auki verður spjallað við listamenn sem tengjast hátíðinni í Ásmundarsal dagana 2., 3., 4., 7. og 10. júní. Þrjár hátíðarmessur fara fram kl. 11 meðan á hátíðinni stendur, dagana 2., 9. og 10. júní. Laugardaginn 8. júní kl. 17 verður aftansöngur þar sem kantatan Bleib bei uns, BWV 6, eftir Bach verður flutt.
Sjá nánar kirkjulistahatid.is • listvinafelag.is • hallgrimskirkja.is

Mannréttindasáttmálinn – næstum alltaf eða aldrei

Gísli Hall
Lögmaður

Ísland gerðist aðili að Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) á árinu 1953. Síðan þá hefur Ísland verið skuldbundið að þjóðarétti til að fylgja reglum sáttmálans. Í 46. grein hans segir að samningsríki skuldbindi sig til að hlíta endanlegum dómi Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE).

Á árunum upp úr 1990 var mikil umræða um sáttmálann meðal íslenskra lögfræðinga. Sumir, m.a. Ragnar Aðalsteinsson, héldu því fram að sáttmálinn hefði í raun lagagildi hér á landi þar sem íslenskir dómstólar ættu ekki annan kost en að fylgja ákvæðum hans. Enginn hélt því fram að ekki þyrfti að hlíta niðurstöðum MDE svo ég muni.

Árið 1994 var MSE lögfestur hér á landi, eftir að MDE kvað upp áfellisdóm á hendur íslenska ríkinu í máli Þorgeirs Þorgeirsonar rithöfundar. Var það að ráði nefndar, sem dómsmálaráðherra hafði skipað til að gera tillögu um viðbrögð við dómnum. Nefndin var vandlega skipuð, þeim Ragnhildi Helgadóttur, Birni Bjarnasyni, Eiríki Tómassyni, Markúsi Sigurbjörnssyni og Ragnari Aðalsteinssyni. Niðurstaða nefndarinnar var að leggja til að sáttmálinn yrði lögtekinn hér á landi. Var það einkum stutt þeim rökum að lögfesting sáttmálans yrði til að auka réttaröryggi og tryggja að hann hefði bein áhrif að landsrétti.

Ekki er annað að sjá en að Ísland hafi allt frá þessum tíma virt MSE og talið sig bundið af ákvæðum hans, eins og þau hafa verið túlkuð af MDE. Sem dæmi má nefna að í nóvember 2018 stóð Lögmannafélag Íslands fyrir fundi með yfirskriftinni „Hlutverk íslenskra dómstóla við beitingu MSE – samstarf eða tregða?“. Fyrirlesari var Róbert Spanó, dómari Íslands við MDE. Niðurstaða hans var að svo virtist sem tregða íslenskra dómstóla til þess að fylgja dómum MDE væri á undanhaldi og undanfarinn áratug hafi íslenskir dómstólar leitast við að eiga „samstarf“ við Mannréttindadómstólinn. Hæstiréttur hefur í mörg skipti þurft að taka afstöðu til málatilbúnaðar, þar sem vísað hefur verið til ákvæða sáttmálans. Dæmi þar um er mál nr. 371/2010, ákæruvaldið gegn Jóni Ásgeiri Jóhannessyni o.fl. Um var að ræða ákæru vegna meintra skattalagabrota. Ákærðu héldu því fram í vörn sinni að þeir hefðu þegar fengið refsingu í formi álags. Það væri brot gegn ákvæði sáttmálans að ákæra/refsa tvisvar vegna sama verknaðarins. Á þessum tíma lágu fyrir fordæmi MDE einmitt um þetta efni, sem ákærðu vísuðu til. Í forsendum Hæstaréttar kom fram að hann liti til dómsúrlausna MDE, en í framhaldi af því var komist að niðurstöðu um að „óvissu gætti“ um skýringu á ákvæði sáttmálans sem til umfjöllunar var. Var kröfu ákærðu um frávísun málsins hafnað af þeirri ástæðu. Í framhaldinu voru þeir sakfelldir og ákveðin refsing. Augljóst er að hafi Hæstiréttur ekki talið sig bundinn af fordæmum MDE, þá hefði rökstuðningur réttarins verið á annan veg en að framan greinir.

Sakfelldu leituðu til MDE vegna þessa, sem kvað upp dóm í maí 2017. Þar var sakfellingardómur Hæstaréttar talinn brot gegn ákvæði sáttmálans um bann við tvöfaldri refsingu. Umrætt ákvæði sáttmálans var þar túlkað á sama veg og Jón Ásgeir og Tryggvi höfðu byggt á, öndvert við niðurstöðu Hæstaréttar. Í framhaldi af dómi MDE sóttu þeir Jón Ásgeir og Tryggvi um endurupptöku Hæstaréttar á máli þeirra. Dómur í því máli féll hinn 21. maí sl., mál nr. 12/2018. Niðurstaðan var sú að vísa málinu frá réttinum með þeim rökstuðningi að ekki væri að finna heimild í lögum til endurupptöku máls í kjölfar þess að MDE komist að niðurstöðu um að brotið hafi verið gegn MSE fyrir íslenskum dómtólum, „við þær aðstæður sem uppi eru í máli þessu“!

Hæstiréttur hafði áður komist að öndverðri niðurstöðu og leyfði endurupptöku, í máli nr. 512/2012 (kennt við Vegas). Í Vegas-málinu hafði MDE komist að niðurstöðu um brot gegn ákvæði MSE um réttláta málsmeðferð. Hvernig Hæstarétti tókst að gera þann greinarmun á þessum málum að annað skyldi endurupptekið en hitt ekki er örðugt að skilja. Í báðum tilvikum er um það að ræða að efnisreglur sáttmálans voru brotnar. Endurupptöku Vegas-málsins lauk þannig að ákærði var sýknaður og í framhaldinu gerðar réttarbætur varðandi málsmeðferð fyrir dómi. Til viðbótar þessu greiddi íslenska ríkið hinum ákærða skaðabætur vegna tjóns sem hann hafði orðið fyrir vegna rangrar sakfellingar. Í tilviki Jóns Ásgeirs og Tryggva sitja þeir ennþá uppi með sakfellingardóminn ólögmæta, og íslenska ríkið hefur ekki séð sóma sinn í að endurgreiða þeim sektir sem þeir höfðu greitt. Þessi málalok eru augljóst brot gegn MSE. Þau eru vitandi vits og engar afsakanir til.

Hvernig Hæstarétti tókst að gera þann greinarmun á þessum málum að annað skyldi endurupptekið en hitt ekki er örðugt að skilja

Einhverjir hafa fundið það út að dómur Hæstaréttar staðfesti fullveldi Íslands. Dómsmálaráðherra, sem sagði af sér fyrir nokkrum mánuðum síðan, skrifaði grein þar sem hún ályktar að dómur MDE í Landsréttarmálinu svokallaða sé „umboðslaust pólitískt at“. Talsmaður ákæruvaldsins lýsti því svo að í Strassborg sitji „lögfræðingar með einhverjar hugmyndir“. Allt vekur þetta spurningar um raunverulegt gildi MDE og virðingu Íslands fyrir honum þegar á reynir. Á að skilja nýgenginn dóm Hæstaréttar þannig að hann feli í sér U-beygju í afstöðu dómstólsins til MSE frá því sem rætt var á málþinginu í nóvember í fyrra? Ef um U-beygju er að ræða, á maður þá að leyfa sér, eins og ráðherrann fyrrverandi hefur nú gert, að velta því upp hvort dómurinn byggist á einhverju öðru en lögunum? Orð Hæstaréttar „í máli þessu“ geta verið vísbending um það. Og þetta getur þá líka verið lausn eða varnarmúr, fái íslenskir dómstólar ákúrur að utan fyrir réttarfarið í svokölluðum hrunmálum, en vænta má niðurstaðna í einhverjum málum af því tagi á næstunni.

Það er ekki laust við að setji að manni hroll við þetta. Eina raunverulega ályktunin sem ég dreg af þessu er að Ísland er örríki, þar sem tengingar eru víða og aukin hætta á því að nálægðin, tíðarandi og almenningsálit hafi áhrif á niðurstöðu dómsmála. Ekki síst þess vegna hef ég talið MSE vera mikilvægan öryggisventil hér. Ef við ætlum ekki að virða niðurstöður MDE í okkar málum, þá er ástæða til að fella úr gildi lögin um lögfestingu hans, jafnframt því að afturkalla fullgildingu sáttmálans. Þá þarf enginn að fara í grafgötur með að sáttmálinn gildi ekki hér á landi og dómar MDE okkur óviðkomandi. Allt í krafti fullveldisins sem hefur þá verið misskilið hrapallega af lögfræðingum undanfarna áratugi. Við viljum þá varla neitt frekar vera að beygja okkur undir vald EFTA-dómstólsins og við skulum þá ekki heldur sóa tíma þingmanna og embættismanna frekar í orkupakkann margrædda.

Höfundur er lögmaður og tekur fram að hann er samstarfsmaður Gests Jónssonar, verjanda Jóns Ásgeirs til margra ára. Höfundur vill að síðustu taka fram að í þessari grein lætur hann ekki uppi efnislegar skoðanir á einstökum úrlausnum MDE, né þeirra mála sem eru til úrlausnar nú. Landsréttarmálið þar með talið. Þar neytir íslenska ríkið réttar síns, samkvæmt sáttmálanum, til þess að bera málið undir yfirdeild réttarins. Kannski með öllu óþarft – því varla er ástæða til að áfrýja einhverju sem þarf ekki að fara eftir hvort eð er, eða hvað?

Hið Góða og hið Illa í pólitískum skilningi

Þór Rögnvaldsson,
heimspekingur.

Í þeirri miklu bók sem á frummálinu heitir Phänomenologie des Geistes og hefur hlotið nafnið Fyrirbærafræði andans á íslensku fjallar Hegel m.a. um hið Góða og hið Illa og þó ekki svo mjög í siðferðislegum, heldur – eins og meistarinn sjálfur orðar það – í víðtækasta skilningi og því líka, mundi ég segja, í pólitískum skilningi. Hegel hefur umfjöllun sína á því að undirstrika að í firrtum heimi finnur vitundin sig aldrei í skynveruleikanum. Hún skynjar hins vegar tvær andrár sem tjá annars vegar hið almenna og hins vegar hið einstaklingsbundna inntak. Hér er því um tvo eðlismætti að ræða sem hin firrta vitund skynjar sem algerar andstæður sem aldrei ná að slá í takt saman. Þessir eðlismættir eru, sem sagt, annars vegar hið Góða og hins vegar hið Illa. En þar að auki birtast þeir í hlutveruleikanum annars vegar sem Ríkisvaldið og hins vegar sem Ríkidæmið.

Einstaklingarnir geta látið sem svo að þeir séu fullkomlega óháðir þessum eðlismáttum tveimur. Á hinn bóginn er raunveruleiki þeirra það áþreifanlegur að einstaklingarnir komast varla hjá því að taka afstöðu og dæma. Þannig er ljóst að í hugum sumra er Ríkisvaldið hið Góða. Ríkisvaldið er verk sem er afrakstur af starfi allra og endurspeglar þannig almennt eðli einstaklinganna. Ríkisvaldið er þess vegna – frá þessu sjónarmiði – hið Góða vegna þess að það er fórnfúst og styður einstaklingana – háa sem lága – í lífsbaráttunni. Frá þessu sjónarmiði er Ríkidæmið hins vegar hið Illa vegna þess að það er sundrungarafl sem stuðlar að eigingirni og einstaklingshyggju þar sem einstaklingarnir stunda það helst að skara eld að eigin köku.

En það er ekki bara ein hlið á þessum málum. Þannig er auðsætt að í hugum annarra er það einmitt Ríkidæmið sem er hið Góða. Ríkidæmið þjónar nú því markmiði að gera einstaklinginn að því sem hann er: mennsk vera. Ríkidæmið gerir sem sagt einstaklingunum kleift að þroska gáfur sínar og njóta tilverunnar. Frá þessu sjónarmiði hins vegar gerir Ríkisvaldið ekki annað en að hefta einstaklingana og setja skorður við athafnafrelsi þeirra. Frá þessu sjónarhorni er Ríkisvaldið því hið Illa.

Nú er rétt að undirstrika aftur að Hegel er hér að ræða um hinn firrta heim. Þessi heimur er firrtur vegna þess að í þessum veruleika skynjar vitundin eðlismættina tvo sem fullkomnar andstæður: um er að ræða algerlega óyfirstíganlega tvíhyggju þar sem eðlismættirnir tveir ganga aldrei hvor öðrum á hönd: hið Góða og hið Illa er eftir atvikum annaðhvort … eða; annaðhvort Ríkisvaldið eða Ríkidæmið.

Hegel keyrir síðan umræðuna áfram í svimandi háum díalektískum pælingum – sem á engan hátt eiga erindi í þetta greinarkorn – þar sem vitundinni tekst loksins að upphefja eða yfirvinna firringuna, yfirgefa heim nauðsynjarinnar og ganga frelsinu á hönd.

Hitt er svo annað mál að við í nútímanum þurfum hvort eð er ekki á leiðsögn heimspekingsins að halda vegna þess að sjálf getum við hæglega fleytt þessum pælingum áfram. Staðreyndin er nefnilega sú að við þekkjum mjög vel úr nánum félagslegum veruleika það ástand á hlutunum þar sem hinir andstæðu pólar – eðlismættirnir tveir – eru í fyrirrúmi. Ég er auðvitað að tala um þann félagsveruleika 20. aldar þar sem annars vegar kommúnisminn og hins vegar kapítalisminn ríktu. Frá sjónarhorni kommúnismans er Ríkisvaldið hið Góða og Ríkidæmið hið Illa; frá sjónarhorni kapítalismans er þessu öfugt farið.

Þessi öfgafulli félagslegi veruleiki 20. aldar var að sjálfsögðu ekkert annað en ýtrastra firring. Við hins vegar – við Íslendingar á okkar dögum – við vitum hver sannleikurinn er í þessu máli: Við vitum að sannleikurinn er ekki í formi tvíhyggjunnar sem aðskilur eðlismættina tvo; við vitum að sannleikurinn er ekki í annaðhvort … eða formi, heldur – nú eins og endranær – í forminu bæði … og.

Bæði Ríkisvaldið, sem þjónar almennum þörfum einstaklinganna, sem og Ríkidæmið sem er afrakstur af óheftu efnahagslífi, er hið Góða. Þetta er auk þess kerfi sem við Íslendingar þekkjum mjög náið því að þetta er það blandaða hagkerfi sem einkennir velferðarsamfélagið sem fest hefur rætur á hinum Norðurlöndunum öllum – og að nokkru leyti líka hér á Íslandi.

Staðreyndin er sú að Íslendingar vilja velferð þar sem t.d. sjúkrahúsum – og almennt séð innviðum landsins – er sinnt. Samt kjósa Íslendingar yfir sig trekk í trekk – og raunar nánast alltaf – stjórnmálaafl sem er firrt. Sjálfstæðisflokkurinn er firrt stjórnmálaafl – og er ekkert að fara í grafgötur með það – vegna þess að hugsjón hans er einhliða. Sjálfstæðisflokkurinn leggur megináherslu á einstaklinginn og ríkidæmi hans – hyglir hinum sterkara – en sinnir ekki þörfum þeirra sem minna mega sín nema með hangandi hendi. Sjálfstæðisflokknum hefur sem sagt tekist að koma í veg fyrir að raunverulegt velferðarkerfi nái að festa rætur hér á landi.

Eins hvað ástandið á heimsvísu varðar. Sumir ganga með þá flugu í hausnum að kapítalisminn hafi sigrað í kalda stríðinu. Enda er það svo að kapítalisminn – með bandarískan kapítalisma í fylkingarbrjósti – ryðst fram í heiminum af offorsi og gegndarlausum hroka, hagar sér eins og Herra heimsins og er þess vegna ógn við heimsfriðinn (sbr. t.d. ástandið í Íran þessa dagana). Kapítalisminn er auk þess ekkert annað en skefjalaus árás á viðkvæmar náttúruauðlindir jarðarinnar vegna þess að hann eirir engu í nafni hagnaðar, græðgi og eilífs hagvaxtar. Við verðum að losa okkur við kapítalismann ef okkur jarðarbörnum á að takast að lifa í sátt og samlyndi – og í friði.



ÞÚ GETUR LESIÐ BLAÐ DAGSINS Á FRETTABLADID.IS OG Í FRÉTTABLAÐS APPINU HVAR SEM ÞÚ ERT Í SUMAR!

FRÉTTABLAÐIÐ – MEÐ ÞÉR Í SUMAR

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook og Instagram

Góðir hlutir gerast hægt

Auður Guðjónsdóttir, stjórnarformaður Mænuskaðastofnunar Íslands.

Um allan heim er unnið að því að rannsaka taugakerfið. Samt sem áður gengur hægt að finna lækningu í því. Sem dæmi má nefna að meðferð þeirra sem hljóta mænuskaða og lamast er þannig að þeir eru þjálfaðir til sjálfsbjargar í hjólastól. Sem heilbrigðisstarfsmaður til áratuga sem hefur orðið vitni að miklum framförum á ýmsum sviðum læknavísindanna og sem móðir lamaðs einstaklings get ég ekki sætt mig við seinaganginn.

Nú eru liðin 20 ár frá því ég skrifaði fyrsta bréfið til alþjóðastofnunar í þeim tilgangi að þrýsta á framfarir. Það var til Gro Harlem Brundtland þáverandi forstjóra WHO. Í bréfinu benti ég á að það þyrfti að skoða stóru rannsóknarmynd taugakerfisins og tilraunameðferðir á mænuskaða sem þá voru framkvæmdar. Til að gera langa sögu stutta kom ýmislegt gott út úr samskiptunum en var bara dropi í hafið að miðað við það sem þarf.

Frá því ég skrifaði Gro hef ég komið víða við hjá alþjóðastofnunum og alltaf með sömu beiðnina um að stóra rannsóknarmynd taugakerfisins verði skoðuð í samhengi. Í áranna rás hef ég þurft að taka margar U-beygjur til að halda verkefninu á lífi og þurft að takast á við nokkur ríkisstjórnarskipti og þá hefst hringurinn aftur með nýjum ráðherrum. Þrátt fyrir þetta hefur verkefnið mjakast áfram sérstaklega í þágu mænuskaðans á Norðurlandavettvangi og á ég það ýmsum góðum stjórnmálamönnum að þakka.

> **Um allan heim er unnið að því að rannsaka taugakerfið. Samt sem áður gengur hægt að finna lækningu í því. Sem dæmi má nefna að meðferð þeirra sem hljóta mænuskaða og lamast er þannig að þeir eru þjálfaðir til sjálfsbjargar í hjólastól.**

Nú er svo komið að mér finnst að verkefninu hafi verið beint inn á rétta braut. Á fundi sem Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra átti með Miroslav Lajcák þáverandi forseta Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í október síðastliðnum ræddi hann m.a. um nauðsyn þess að viðeigandi alþjóðastofnanir beindu kastljósi sínu að taugakerfinu. Í ræðu sinni við sama tækifæri hvatti ráðherra stjórnmálaforingja á alþjóðavísu til að beita pólitískum áhrifum sínum í þágu framfara í taugakerfinu.

Í febrúar síðastliðnum átti utanríkisráðherra svo fund með Tetros Ghebreyesus framkvæmdastjóra WHO. Þar kom hann því á framfæri að nauðsynlegt væri að skoða stóru rannsóknarmynd taugakerfisins, greina hana og samkeyra með nýtingu gervigreindar til að finna vannýtta þekkingu og samnýta þá sem til staðar væri. Því var tekið með jákvæðu viðmóti ytra og hafa íslensk stjórnvöld nú tilnefnt sérstakan erindreka með aðsetur í Genf sem kortleggur yfirstandandi alþjóðlega vinnu í þágu lækninga á mænuskaða og aflar stuðnings annarra þjóða við verkefnið.

Og utanríkisráðherra heldur áfram. Nú hefur hann skrifað Maríu Espinosa forseta Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna og óskað eftir stuðningi hennar við að vekja athygli aðildarþjóða Sameinuðu þjóðanna á þessum málum. Fróðlegt verður að sjá hvað kemur út úr því en Espinosa er frá Ekvador og Lenin Moreno forseti lands hennar hlaut mænuskaða og lömun fyrir 16 árum og er bundinn hjólastól.

Ég þakka utanríkisráðherra, Diljá Mist Einarsdóttur ,aðstoðarmanni hans, og Maríu Mjöll Jónsdóttur, deildarstjóra í utanríkiráðuneytinu fyrir velviljann. Einnig þakka ég Lilju Dögg Alfreðsdóttur, Ingimari Einarssyni, Soffíu Arnardóttur, Ólafi Kr. Guðmundsyni, Berglindi Skúladóttur Sigurz, Sigurði Valtýssyni og Guðrúnu Dóru Bjarnadóttur fyrir öflugan bakstuðning í samningaviðræðum.

Makríllinn: Nú er lag

Bolli Héðinsson hagfræðingar

Óvænt innkoma makríls í íslenska landhelgi upp úr aldamótum skóp einstakt tækifæri til að láta þjóðina njóta góðs af nýrri auðlind í þjóðareigu. Því miður voru önnur sjónarmið látin ráða þegar heimildum til veiða á makrílnum var úthlutað og hefur þjóðin síðan að mestu farið á mis við þann arð sem henni ber sem eiganda auðlindarinnar. Stjórnvöld reyndu síðan að tryggja örfáum útgerðum einokun á makrílveiðum til margra ára en urðu frá að hverfa eftir að þjóðin lýsti vanþóknun sinni á fyrirætlan þeirra með þátttöku í einni víðtækustu undirskriftasöfnun seinni ára.

Nú er talið að stofn makríls hafi verið vanmetinn og því megi búast við töluverðri aukningu þess sem leyfilegt verður að veiða. Enn á ný hyggjast stjórnvöld úthluta makríl með sama hætti og öðrum fiskistofnum án þess að tryggja þjóðinni sanngjarna hlutdeild í auðlindaarðinum.

Einmitt nú er tækifæri til að þróa aðferðir til úthlutunar sem gætu byggt á að hluta til þeirra sem veitt hafa áður og öðrum hluta sem yrði boðinn út með skilyrðum. Fréttir um vanmat á makrílstofninum gera enn frekar kleift að bjóða út a.m.k. aukningu aflaheimilda án þess að skerða á nokkurn máta það sem útgerðum hefur staðið til boða endurgjaldslítið fram að þessu. Um leið gæfist fleirum tækifæri til að taka þátt í veiðunum.

Auðlindagjaldið til byggðanna.

Vel má hugsa sér að þeir fjármunir sem fengjust með útboði aflaheimilda rynnu alfarið til að styrkja viðkvæmar byggðir í kringum landið eða til að bæta sveitarfélögum upp skaða af völdum loðnubrests. Nú er sagt stefna í samdrátt í efnahagslífinu. Einmitt þá er tilefni til að fjárfesta í innviðum á vegum sveitarfélaga og ríkisins og því ærið tilefni til að afla tekna í því skyni með eðlilegum auðlindagjöldum.

Formenn flokka á þingi eru sagðir hafa orðið sammála um tillögu um stjórnarskrárákvæði um auðlindir náttúru Íslands. Þar er m.a. lagt til: „Veiting heimilda til nýtingar á náttúruauðlindum og landsréttindum sem eru í þjóðareign eða eigu íslenska ríkisins skal grundvallast á lögum og gæta skal jafnræðis og gagnsæis. Með lögum skal kveða á um gjaldtöku fyrir heimildir til nýtingar í ábataskyni.“ Um gjaldtökuna segir í greinargerð með þessari tillögu: „Koma þar ýmsar leiðir til greina eins og áður var rakið. Ekki er nauðsynlegt að fjárhæð gjalds komi fram í lögum enda kann gjaldið að vera ákveðið með valferli eða útboði þar sem verð og aðrir skilmálar eru ekki fyrirfram ákveðin.“

Nú hafa valdhafar tækifæri til að sýna að eitthvað sé meint með umræddri tillögu og efna til útboða á makrílkvótum a.m.k. að hluta eins og að framan greinir.

Höfundur var í hópnum sem stóð fyrir undirskriftasöfnuninni „Þjóðareign“ sem fram fór 2015 og kom í veg fyrir fyrirætlanir stjórnvalda um að afhenda einstökum útgerðum kvóta í makríl til lengri tíma.

Aðlögun vegna loftslagsbreytinga

Ari Trausti Guðmundsson, þingmaður Vinstri grænna.

> **Loftslagsbreytingar kalla á aðlögun samfélaga og alls konar mótvægisaðgerðir sem svör við afleiðingum hennar.**

Við erum, eins og mörg dæmi sanna, hrifin af tækifærum sem færa okkur hagsbætur, helst miklar á skömmum tíma. Auðvitað er þetta ekkert sérkenni Íslendinga einna en hefur lengi loðað við. Vandkvæðum sem fylgja er minna sinnt, gjarnan með því að horfa framhjá þeim, velja úr eða afneita þeim. Það er ávallt krefjandi að horfast í augu við raunveruleikann, þurfa jafnvel að gangast við að eiga þátt í vandkvæðunum og vinna með þungar staðreyndir. Allt blasir þetta við á næstu áratugum þegar loftslagsvandinn tekur að bíta illilega í allt okkar líf með ærnum tilkostnaði, fáeinum tækifærum en mörgum ógnunum.

Við loftslagsbreytingunum verður að bregðast, hraðar en hingað til. Það gerist m.a. með því að fylgja alþjóðlegum samningum og taka undir höft á raforkuframleiðslu með jarðefnaeldsneyti, samhliða hraðari orkuskiptum með nýjungum. Allt að 2/3 hluta þekktra kola-, olíu- og gasbirgða má ekki vinna. Minnka ber vinnslu málma og jarðefna í takt við aukna endurnýtingu þeirra.

Nýta tré í stað steinsteypu. Minnka matarsóun og stunda hóflega neyslu og vörukaup, sem mest í nærumhverfinu. Auka bindingu kolefnis og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Að mörgu jákvæðu er unnið í miklum meirihluta landa heims en afar fá ná þeim hraða sem þarf, enn sem komið er. Þýði það minni hagvöxt, breyttan lífsstíl og aukið aðhald, verður svo að vera.

Loftslagsbreytingar kalla á aðlögun samfélaga og alls konar mótvægisaðgerðir sem svör við afleiðingum hennar. Ríkisvaldið, sveitarfélög, helstu sérfræðistofnanir framkvæmda og eftirlits (t.d. Siglingastofnun, Samgöngustofa, Vegagerðin og Mannvirkjastofnun), Almannavarnir og þekkingar- og hagsmunasamtök eiga að mynda þverfaglegan samráðshóp með aðstöðu og starfsfólki. Hann ynni náið með nýja Loftslagsráðinu og sérfræðistofnunum þess (t.d. Veðurstofunni). Hlutverk hópsins væri að safna upplýsingum um leiðir til aðlögunar og mótvægis, hafa yfirsýn og aðhald með verkefnum og fræða sem flesta um stöðu og leiðir. Slíkur hópur eða ráð er vænni kostur en að fela Loftslagsráði þetta hlutverk ásamt öllu öðru er að starfsemi þess lýtur.

SUMARFJÖR

4BLS KIPPA ÚT =)

Í TÖLVUTEK ER ÚRVAL AF FLOTTUM GRÆJUM

ACER SWIFT 1

Glæsileg ný kynslóð Ultrathin lúxus fartölva með baklýstu lyklaborði og 17 tíma rafhlöðu

49.990

Fartölva úr fisléttu áli með ótrúlegar nýjungar

ACER SWIFT 1

Nýja lúxus línan með enn öflugri 4 kjarna örgjörva, ofurnett, fislétt og örþunn úr gegnheilu áli

99.990

Öflug lúxus lína sem kemur í 5 glitur litum

7 PRO 8+256GB

OnePlus loks fáanlegur á Íslandi með áður óséðan hraða, viðbrögð og einstakar tækninýjungar

129.990

Go Beyond Speed! Ný kynslóð farsíma

ICONIA B3-A40

Flott örþunn og öflug spjaldtölva frá Acer

29.990

GW400 KRAKKAÚR

Vatnsvarið GPS snjallúr, snertiskjár og SOS takki

9.990

STAR WARS DRÓNAR

3 gerðir dróna frá Propel með Laser keppnisham

9.990

APPLE AIRPODS

Þessir einu sönnu með hleðsluhylki

20.792

FERÐARAFHLAÐA

Trust Primo 4400mAh ferðarafhlaða

1.990

MINNISKORT

Minniskort í miklu úrvali, verð frá

999

KINDLE LESTÖLVA

6” lestölva með snertiskjá og WiFi

19.990

USB VIFTA

Það þurfa allir eina svona á skrifborðið :)

1.995

SENDUM FRÍTT
Um land allt allar vörur allt að 10 kg.

TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900
Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

03.06.2019 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

4BLS KIPPA ÚT =)

SUMARIÐ ER C

SKOÐAÐU MAGNAÐ ÚRVAL AF SJÓÐHEITUM SU

SURFACE GO — **59.990**

Öflug og skemmtileg spjaldtölva með möguleika á lyklaborði og er þá orðin örþunn fartölva

Þessi er frábær í vinnuna og fríið;)

IDEAPAD V330 — **69.990**

Flott fartölva fyrir alla almenna vinnslu frá Lenovo með 14" FHD skjá og Dolby hljóðkerfi

Létt og nett fartölva á góðu verði frá Lenovo

ACER NITRO 5 — **129.990**

Öflug Acer Nitro leikjafartölva með RX 560X leikjaskjákorti og baklýstu leikjalyklaborði

Glæsileg og öflug Acer Nitro leikjafartölva

TRUST GXT706 — **23.992**

Frábær leikjastóll með innbyggðan fótskemil

ZOWIE RL2455s — **23.992**

FHD leikjaskjár með 1ms viðbragðstíma

2TB LACIE PORSCHE — **17.990**

Nettur ferðaflakkari með hröðu USB-C 3.1 tengi

LENOVO N23

Frábær fartölva í ferðalagið og fríið

29.990

PS4 VR GLERAUGU

Sýndarveruleikagleraugu frá Sony

29.990

1TB PS4 SLIM

Sony PS4 með 2.stk stýripinnum

49.990

GAMING BORÐ

Alvöru gaming skrifborð frá Trust

23.992

SLEEVES/COVER

Mikið úrval fyrir fartölvur og spjaldtölvur

1.592

TÖLVUTEK **Sumarbæklingur 2019 • Tölvutek | Reykjavík •**

FÓLK
Lífsstíll
MÁNUDAGUR 3. JÚNÍ 2019

Hljómsveitin Ring of Gyges hefur verið starfandi frá árinu 2014. Meðlimir sveitarinnar hafa nýlokið við að semja efni á sína þriðju plötu FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ring of Gyges semur tónlist fyrir sjálfa sig

Meðlimir í proggmetal sveitinni Ring of Gyges eyddu viku saman á Breiðdalsvík að semja nýja plötu. Þeir segja plötuna verða þyngri en þær fyrri →2

30% afsláttur
í hádeginu alla virka daga

SUSHI
Osushi
Tryggvagötu

Hljómsveitin eyddi viku á Breiðdalsvík til að fá næði til að semja FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Framhald af forsíðu

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Meðlimir proggmetal hljómsveitarinnar Ring of Gyges eru nýkomnir úr viku „einangrun“ á Breiðdalsvík þar sem þeir voru að semja efni á nýja plötu.

Hljómsveitin hefur verið starfandi frá árinu 2014 og stefnir að því að gefa út sína þriðju plötu á næsta ári. Hljómsveitina skipa þeir: Helgi Jónsson, söngvari og gítarleikari, Guðjón Sveinsson einnig söngvari og gítarleikari, Þorsteinn Ýmir Ásgeirsson bassaleikari, Gísli Þór Ingólfsson á píanói, hljómborði og synthum og Einar Merlin Cortes á trommum.

Strákarnir þekktust ekkert þegar hljómsveitin var stofnuð fyrir fimm árum. „Ég var búinn að vera að vinna í demóum í tölvunni heima hjá mér. Ég fann svo hóp á Facebook sem heitir hljóðfæraleikarar óskast. Ég setti inn auglýsingu þar og Guðjón og Einar svöruðu,“ segir Helgi um upphaf Ring of Gyges.

Gísli bættist við ári seinna og Steini bassaleikari hefur verið með hljómsveitinni í um það bil tvö ár og samstarfið gengur vel að sögn strákanna.

Helgi segist hafa vitað í upphafi að hann hafi viljað búa til proggmetal. „Sem var ástæðan fyrir að við Einar slógum til. Við fundum að við vorum með svipaðan tónlistarsmekk,“ skýtur Guðjón inn.

Strákarnir útskýra að proggmetall sé svipaður og progressive rock, oft kallað progg eða bara framsækið rokk á íslensku, nema proggmetallinn er harðari. „Proggrokk rekur uppruna sinn til 70's hljómsveita eins og Pink Floyd, Genesis, Yes og þessara hljómsveita. Síðan hafa hljómsveitir eins og Dream Theater, Mastodon og Symphony X blandað svolitlu af þungarokki inn í þetta,“ segir Guðjón.

„Svo eru í dag alls konar ný bönd sem taka þetta enn þá lengra og við erum undir áhrifum frá þeirri senu,“ bætir hann við.

Gera mikið af tilraunum

Tónlist sveitarinnar einkennist af löngum lögum og flóknum samsetningum. „ Ef við viljum gera eitthvað þá gerum við það og hvernig hlustendur taka því, það er undir þeim komið,“ segir Helgi.

Strákarnir segja að það séu ekki margar íslenskar hljómsveitir sem falla undir proggrokk stefnuna. Þeir nefna að þekktasta hljómsveitin sé kannski hljómsveitin Trúbrot. Af nýrri böndum nefna þeir Agent Fresco og Future Figment sem dæmi.

Það sem heillar hljómsveitarmeðlimi mest við proggmetal er hvað stefnan er laus við allar takmarkanir. „Það má gera nokkurn veginn hvað sem er undir stefnunni og það þarf ekki að aðlagast einhverjum stöðlum eða venjum líkt og í öðrum tónlistarstefnum. Við gerum mikið af tilraunum með rythma og blöndum saman áhrifum úr ólíklegustu áttum og reynum að finna út hvað virkar. Þetta er mjög gefandi og krefjandi stefna fyrir bæði tónlistarmenn og áheyrendur,“ segja þeir.

Næst á dagskrá hjá strákunum er að taka upp efnið, sem þeir sömdu á Breiðdalsvík, og spila á tónleikum í Gautaborg í sumar til að fylgja eftir síðustu plötu sinni Beyond the Night Sky.

> **Það sem einkennir okkur er að við semjum fyrir sjálfa okkur en ekki aðra, en ef aðrir hafa gaman af því þá er það frábært,**
>
> **Guðjón Sveinsson**

Þar sem Helgi býr í Stokkhólmi og Guðjón hefur einnig verið í námi þar undanfarið hafa þeir ekki spilað mikið saman nýlega. Þeir fóru þó í stuttan Norðurlandatúr í janúar og spiluðu í Svíþjóð, Noregi og Danmörku. En það var einmitt í þessum Norðurlandatúr sem strákunum bauðst að spila í Gautaborg í sumar.

„Þetta er hátíð í miðri Gautaborg í skógi sem heitir Slottskogen. Hátíðin heitir Slottskogen goes progressive og verður haldin í tuttugasta sinn í sumar þann 17. ágúst,“ segir Guðjón.

„Þegar við vorum að bóka gigg fyrir Norðurlandatúrinn í janúar þá sendum við póst hingað og þangað. Meðal annars til samtakanna sem standa að þessari hátíð. Við vissum ekkert um hátíðina, við vildum bara bóka tónleika í Gautaborg. En það gekk ekki upp. Við ákváðum þess vegna bara að taka eins dags frí í Gautaborg á meðan á túrnum stóð, en akkúrat þann dag hafði maður frá samtökunum samband við okkur og vildi hitta okkur. Við fórum á fund með honum sem gekk svo vel að við vorum bókaðir.“

Næsta plata þyngri

Strákarnir segjast vonast til að geta nýtt ferðina og bókað fleiri tónleika í Svíþjóð eða löndunum í kring á svipuðum tíma. Annars er stefnan bara að klára nýju plötuna. Þeim hefur gengið vel að semja og segjast komnir með meira en nóg efni. Nú er bara að velja úr.

„Við Helgi áttum mikið af demóum og hinir strákarnir voru með eitthvað efni líka. Við vildum komast eitthvert í burtu og einangra okkur til að sjóða saman efnið,“ segir Guðjón um ástæðu þess að þeir fóru til Breiðdalsvíkur.

Þeir segja aðdáendur sveitarinnar mega búast við að nýja platan verði þyngri en þær fyrri. „Það var mikið af 70's áhrifum á fyrri plötunum en núna erum við frekar undir áhrifum frá nútímanum. Við vorum með helling af gestahljóðfæraleikurum á síðustu plötu eins og strengjakvartett og blásturs-leikara. En nú eru þetta bara við.“

Strákarnir segja að markmiðið með tónlistinni þeirra sé ekki heimsfrægð. „Þá værum við líklega að spila annars konar tónlist,“ segja þeir hlæjandi. „Það sem einkennir okkur er að við semjum fyrir sjálfa okkur en ekki aðra, en ef aðrir hafa gaman af því þá er það frábært,“ segir Guðjón.

„Þið megið vera spennt fyrir næstu plötu,“ segir Helgi og bætir við í gamni: „Því hún verður helluð!“

Þeir sem hafa áhuga á að hlusta á Ring of Gyges geta fundið plöturnar þeirra á öllum helstu streymisveitum, eins og Spotify. Strákarnir selja plöturnar einnig í gegnum vefsíðuna sína ringofgygesband.com.

Fasteignablaðið

22. TBL. MÁNUDAGUR 3. JÚNÍ 2019

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

Sigurður Samúelsson
Lögg. fast. og eigandi

Þórarinn Thorarensen
Sölustjóri og eigandi

Þórey Ólafsdóttir
Lögg. fast. og eigandi

Andri Sigurðsson
Lögg. fast. og eigandi

Sveinn Eyland
Lögg. fast og eigandi

Ása Pöll Ragnarsdóttir
Skjalavinnsla/móttaka

Nadia Katrin Banine
Löggiltur fast.

Ingibjörg A. Jónsdóttir
Löggiltur fast.

Eggert Maríuson
Löggiltur fast.

Helga Snorradóttir
Skrifstofa/skjalavinnsla

Guðrún D. Lúðvíksdóttir
Löggiltur fast.


Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir
Löggiltur fast.

Siggi Fannar
Löggiltur fast.

www.landmark.is

... leiðir þig heim!

LANDMARK
FASTEIGNAMIÐLUN

Hlíðasmára 2 201 Kópavogi Sími 512 4900

MIÐBORG
fasteignasala

Björn Þorri Viktorsson
Löggiltur fasteignasali og HRL
bjorn@midborg.is

Sólveig Fríða Guðrúnardóttir
Nemi til löggildingar í fasteignasölu
843-9903
solveig@midboorg.is

Laufengi 118 – 44,9 m

Opið hús þriðjudaginn 04. júní kl. 17:30 – 18:00

- *Skráð skv. ÞÍ 114,3 fm.*
- *Sérinngangur*
- *3 svefnherbergi*
- *Þvottahús innan íbúðar*
- *Dýrahald leyft*
- *Nýlegt vandað parket*
- *Gott fjölbýli með sólríkum SV svölum*

Miðborg fasteignasala • Sundagarðar 2 • 104 Reykjavík • Sími: 533 4800
www.midborg.is

BERG
FASTEIGNASALA

Háholt 14, Mosfellsbær
- **Sími: 588 5530**
- **berg@berg.is - www.berg.is**
- **GSM 897 0047**

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is

Glæsilegt hús í Fossvogi

Fasteignasalan TORG kynnir: Glæsilegt og mjög mikið endurnýjað einbýlishús á einni hæð á virkilega fallegri, gróinni og vel hirtri lóð á einstökum stað neðarlega í Fossvogi. Húsið er skráð samkvæmt FMR 165,7 fm og 31,2 fm bílskúr og að auki er upphituð sólstofa, viðbygging, 21 fm. Húsið er því samtals tæplega 218 fm.

Húsið hefur verið mikið endurnýjað á undanförnum árum. Rúmgóð stofa sem er parketlögð og björt, gengið er niður eitt þrep í sólstofu. Granít er í gluggakistu. Sólstofan er björt, um 21 fermetri, flísalögð og hiti í gólfi með fallegri kamínu. Útgengi er frá sólstofu á stóra og skjólsæla viðarverönd til suðurs og þaðan á lóð. Hiti settur í gólf í sólstofu og flísar.

Eldhúsið algjörlega endurnýjað, ný innrétting, vaskur og eldavél. Enn fremur ný ljós, nýir gluggar settir í og opnað út á suðurverönd með nýrri glerhurð. Auk þess settur hiti í gólf og flísar. Falleg hvít innrétting með miklu skúffu- og skápaplássi. Innbyggð uppþvottavél. Stór eyja með spansuðu helluborði og stál eyjuháfi yfir og viðarborði til að sitja við.

Baðherbergi var stækkað um helming, ný innrétting og tæki. Auk þess settur hiti í gólf og flísar.

Húsið stendur á fallegum stað í Fossvogi.

Nuddpottur og flísalögð stór sturta með glerskilrúmi.

Gestasalerni endurnýjað og flísalagt. Nýjar flísar settar á anddyri. Nýtt parket sett á hjónaherbergi og barnaherbergi sem og nýir fataskápar í bæði herbergi. Auk þess var settur nýr pallur við vestanvert húsið með tveimur upphækkuðum gróðurkössum. Hiti er í gangstétt. Bílskúr með rafmagni, hita og rennandi köldu vatni. Fjarstýrð hurðaropnun. Hillur á tveimur veggjum.

Mjög stór nýlegur sólpallur með tveimur upphækkuðum gróðurkössum er við vesturhlið hússins, við enda hans er um 10 fm gróðurhús. Eldri pallur er við suður- og austurhlið. Auk þess er upphituð gangstétt við inngang hússins.

Falleg eign á einni hæð með glæsilegri og skjólgóðri lóð þar sem stutt er í náttúruperluna Fossvogsdalinn.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigríður Rut Stanleysdóttir löggiltur fasteignasali í gsm. 699-4610 eða siggarut@fstorg.is

EIGNAMIÐLUN

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali

Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali
s. 824 9093

Guðmundur Sigurjónsson
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali

Guðlaugur I. Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali
s. 864 5464

Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali, sölustjóri
s. 899 1882

Magnea S. Sverrisdóttir
MBA, löggiltur fasteignasali
s. 861 8511

Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur fasteignasali, löggiltur leigumiðlari
s. 824 9098

Brynjar Þ. Sumarliðason
BSc í viðskiptafræði, löggiltur fasteignasali
s. 896 1168

Daði Hafþórsson
Löggiltur fasteignasali
s. 824 9096

SKILDINGANES 29
101 REYKJAVÍK

OPIÐ HÚS



Fallegt og mikið endurnýjað 233,5 fm einbýlishús á einni hæð sem skiptist í forstofu, gestasnyrtingu, þvottahús, geymslu, hol, eldhús, arinstofu, borðstofu, setustofu, sjónvarpsherbergi, 3-4 svefnherbergi, baðherbergi og bílskúr. Húsið hefur verið endurnýjað að innan sem utan á undanförnum árum og hannað að hluta í samráði við Sólveigu Andreu innanhúsarkitekt.

Eignin verður sýnd fimmtudaginn 6. júní kl 17:00-17:30.
Nánari upplýsingar Ármann Þór Gunnarsson lögg. fs. í síma 847 7000, armann@eignamidlun.is V. 0 m.

STIGAHLÍÐ 64
105 REYKJAVÍK

BÓKIÐ SKOÐUN





Stórglæsilegt 350.3 fm vel staðsett einbýlishús með tvöföldum innbyggðum bílskúr. Húsið var endurnýjað á vandaðan hátt árið 2008 og 2009. Fimm svefnherbergi, 3 baðherbergi og gestasnyrting. Stór afgirt lóð og harðviðarverönd með heitum potti til suðurs. Húsið er laust til afhendingar við kaupsamning.

Nánari uppl. Sverrir Kristinsson lg.fs. 861 8514, sverrir@eignamidlun.is og Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882 V. 0 m.

SÓLVALLAGATA 7A
101 REYKJAVÍK

OPIÐ HÚS

Einstaklega fallegt og vel við haldið parhús á þremur hæðum auk háalofts við eina fallegustu götu Reykjavíkur. Í húsinu eru alls fimm svefnherbergi, þrjár stofur með góðri lofthæð og tvö baðherbergi. Úr stofu er gengið út á rúmgóðar viðarsvalir og þaðan er gengið niður stiga í stóran og skjólgóðan suðurgarð, sem er umkringdur fallegum trjám. Garðurinn er að hluta hellulagður og í honum er viðarhús með rafmagni þar sem m.a. er ísskápur og frystir. Garðurinn er upplýstur með sjálfvirkum ljósum.

Opið hús þriðjud. 4. júní milli kl. 18:30 og 19:00.
Nánari upplýsingar Hrafnhildur Björk Baldursdóttir lögg. fs.í gsm: 862-1110, hrafnhildur@eigmamidlun.is. V. 99,9 m.

EFSTALEITI 14
103 REYKJAVÍK

BÓKIÐ SKOÐUN

Mjög falleg og rúmgóð 156,1 fm íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi við Efstaleiti 14 í Reykjavík. Íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu. Íbúðin skiptist m.a. í stóra glæsilega stofu (stofu/borðstofu), opið herbergi innaf stofum, tvö svefnherbergi, eldhús, baðherbergi, gestasnyrtingu. Sér geymsla fylgir í kjallara. Húsvörður er í húsinu. Fallegt útsýni.

Nánari uppl. Brynjar Þór Sumarliðason lögg.fs. í síma 896 1168 - brynjar@eignamidlun.is V. 80 m.

SJAFNARBRUNNUR 15
113 REYKJAVÍK

BÓKIÐ SKOÐUN

Fimm herbergja mið raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr, samtals 230.5 fm.
Húsunum verður skilað fullbúnum að utan með tilbúinni lóð og tilbúið til innréttingar að innan.

Nánari uppl. Daði Hafþórsson lg. fs. s. 824 9096, dadi@eignamidlun.is
V. 74,5 m.

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957

GRENSÁSVEGUR 11

SÍMI 588 9090

Guðbjörg Matthíasdóttir
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali
s. 588 9090

Ármann Þór Gunnarsson
Löggiltur fasteignasali
s. 847 7000

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali
s. 862 1110

Hreiðar Levy Guðmundsson
Nemi til lögg. fast.sala
s. 661 6021

Jenný Sandra Gunnarsdóttir
Skrifstofustjóri

Ásdís H. Júlíusdóttir
Ritari

María Guðrún Waltersdóttir
Móttökuritari

Sesselja K. Sigurðardóttir
Skjalavinnsla/ auglýsingar

BURKNAVELLIR 1C
221 HAFNARFJÖRÐUR

Björt og vel skipulögð 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum ásamt stæði í bílageymslu við Burknavelli 1c í Hafnarfirði. Stofa og eldhús í opnu rými á neðri hæð. Tvennar svalir, fallegt útsýni. Stutt í skóla, leikskóla, matvöruverslun, veitingastaði og íþróttamiðstöð Hauka. **Opið hús mánudaginn 3. júní 2019 milli kl. 17:00 og kl. 17:30. Nánari upplýsingar Ármann Þór Gunnarsson lögg. fs. í síma 847 7000. armann@eignamidlun.is V. 57,9 m.**

ÞÓRSGATA 21
101 REYKJAVÍK

Góð 81.9 fm 3ja herbergja íbúð á jaðhæð. Parket á gólfum, baðherbergi með sturtu. Eldhúsið er með viðarinnréttingu. Rúmgóð stofa. Í sameign er sameiginlegt þvottahús. Sér upphituð geymsla á lóð. **Húsið lítur vel út og hefur fengið gott viðhald.**

Nánari upplýsingar veitir H. Daði Hafþórsson lögg. fs í síma 8249096, dadi@eignamidlun.is V. 42,9 m.

BREIÐAVÍK 29
112 REYKJAVÍK

131.9 fm 4 herbergja íbúð með sér inngangi, bílskúr og lokaðri sér verönd. Virkilega snotur eign þar sem stutt er í alla þjónustu s.s skóla, leikskóla og verslanir.

Nánari upplýsingar veitir H. Daði Hafþórsson lögg. fs.í síma 8249096, dadi@eignamidlun.is V. 49,9 m.

BALDURSGATA 22
101 REYKJAVÍK

Mjög góð 58,9 fm 3 herb. íbúð í miðborginn. Endurnýjað eldhús og baðherbergi. Stofa og tvö herbergi. Skjólgóðar og sólríkar svalir. Mjög góð staðsetning skammt frá Miðbæ Reykjavíkur.

Nánari upplýsingar veitir H. Daði Hafþórsson lögg. fs. í síma 8249096, dadi@eignamidlun. V. 40,5 m.

LYNGHVAMMUR 3
220 HAFNARFJÖRÐUR

291.3 fm einbýlishús á einskaklega góðum útsýnisstað í grónu hverfi í Hafnarfirði í botnlangagötu. Allt að 6 svefnherb. Mjög gott útsýni. Húsið er til afhendingar við kaupsamning.

Nánari upplýsingar veitir Þórarinn M. Friðgeirsson lögg. fs. í síma 899-1882, thorarinn@eignamidlun.is V. 83,9 m.

KRISTNIBRAUT 99
113 REYKJAVÍK

110.7 fm fallega og vel skipulagða 4 herb.endaíbúð á fjórðu og efstu hæð í lyftuhúsi. Eignin skiptist í forstofu, 3 svefnh., stofu, eldhús, þvottah., baðh., sérgeymslu í kjallara og yfirbyggt opið bílskýli. Mikið og glæsilegt útsýni, svalir snúa til vesturs og suður. Stutt er í leikskóla, skóla, glæsilegan 18 holu golfvöll og nýtt íþróttasvæði Fram. **Nánari uppl. Hreiðar Levý Guðmundsson, aðstoðarmaður, s. 661 6021, hreidar@eignamidlun.is V. 47,9 m.**

KÖTLUFELL 3
111 REYKJAVÍK

Mjög góð 79.1 fm 3 herbergja íbúð sem hefur verið töluvert endurnýjuð.
Nánari uppl. Daði Hafþórsson lögg. fs. í síma 824 9096, dadi@eignamidlun.is V. 33,9 m.

BAUGHÚS 20
112 REYKJAVÍK

161.6 fm 4 herb. íbúð með bílskúr, heitum potti og miklu útsýni. Virkilega skemmtileg fjölskyldueign með mikla möguleika þar sem stutt er í alla þjónustu. Eignin skiptist í: Forstofu, þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús, þvottahús, baðherbergi og bílskúr.
Opið hús mánudaginn 3. júní 2019 milli kl. 17:00 og kl. 17:30.
Nánari upplýsingar veitir H. Daði Hafþórsson lögg. fs. í síma 8249096, dadi@eignamidlun.is V. 69,9 m.

HÁALEITISBRAUT 44
108 REYKJAVÍK

Háaleitisbraut 44, 66.9 fm 2 herb.íbúð á 4.hæð í frábærlega vel staðsettu fjölbýlishúsi. Rúmgóð stofa og borðstofa, parket, mjög gott útsýni. Laus við kaupsamning.

Nánari upplýsingar veitir Þórarinn M. Friðgeirsson lögg. fs. í síma 899-1882, thorarinn@eignamidlun.is V. 32,9 m.

ÁLFHEIMAR 46
104 REYKJAVÍK

111.4 fm 4 herb. íbúð á 4.hæð í mjög vel staðsettu fjölbýli steinsnar frá Laugardalnum, mjög góð þjónusta í nágrenninu. Nýtt baðherbergi, endurnýjað eldhús, nýtt á gólfum, nýjar raflagnir og fl. Mjög gott útsýni. Góð sameign. Húsið teiknaði Sigvaldi Thordarson. **Opið hús mánudaginn 3. júní 2019 milli kl. 17:15 og kl. 17:45. Nánari upplýsingar veitir Þórarinn M. Friðgeirsson lögg. fs.í síma 899-1882, thorarinn@eignamidlun.is V. 47,9 m.**

FLÚÐASEL 92
109 REYKJAVÍK

Góða 4 herbergja, 101,4 fm íbúð á 3ju hæð. Íbúðinni fylgir herbergi/geymsla og geymsla á jarðhæð hússins sem ekki eru í birtri fermetratölu. Salerni og sturtuaðstaða er til staðar á jarðhæðinni.
Nánari uppl. Hreiðar Levý Guðmundsson s. 661 6021, hreidar@eignamidlun.is eða Þórarinn M. Friðgeirssons sþ 899 1882 V. 40,9 m.

GERPLUSTRÆTI 31
270 MOSFELLSBÆR

Gerplustræti 31, íbúð 02-04 er ný og glæsileg 125.4 fm 5 herbergja íbúð. Fjögur góð svefnherbergi, svalir til suðurs, bílastæði í lokaðri bílageymslu. Smekklega innréttuð með innréttingum frá Axis. Íbúðin er til afhendingar við kaupsamning.
Opið hús mánudaginn 3. júní 2019 milli kl. 17:00 og kl. 17:30.
Nánari upplýsingar Brynjar Þór Sumarliðason lögg. fs. í síma 896 1168 - brynjar@eignamidlun.is V. 53,9 m.

SKÓGARVEGUR 14
103 REYKJAVÍK

Glæsileg 160.0 fm 4 herb. endaíbúð á efstu hæð í nýlegu álklæddu lyftuhúsi á mjög góðum stað í Fossvoginum ásamt stæði í bílageymslu. Vandaðar eikarinnréttingar, parket, baðherbergi og gestasnyrting. Glæsilegt útsýni. Laus strax. Mikið útsýni.

Opið hús þriðjudaginn 4. júní milli kl. 17:00 og 17:30.
Nánari upplýsingar Þórarinn M. Friðgeirsson lögg. fs. í síma 899-1882, thorarinn@eignamidlun.is V. 88,9 m.

HRAUNBÆR 56
110 REYKJAVÍK

Rúmgóð þriggja herbergja 90.5 fm íbúð á fyrstu hæð í góðu fjölbýli í Hraunbæ. Barngott hverfi þar sem stutt er í leik- og grunnskóla.

Nánari upplýsingar veitir Brynjar Þór Sumarliðason lögg. fs í síma 896-1168, brynjar@eignamidlun.is V. 35,9 m.

STAKKHOLT 2A
105 REYKJAVÍK

Góð tveggja herbergja 72,9 fm íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi við Stakkholt ásamt stæði í bílageymslu. Svalir útaf stofu. Eldhús er opið inní stofuna. Fallegt útsýni. Íbúðin er laus til afhendingar fljótlega. Húsið að klætt að utan með viðhaldslítilli álklæðningu. Frágengin lóð með leiktækjum.
Nánari uppl.: Brynjar Þ. Sumarliðason lg.fs. s. 896 1168. V. 44,9 m. -

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá
- Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn söluþóknun.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

2014 - 2017 Framúrskarandi fyrirtæki

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is

Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Strikið – Sjálandi Garðabæ / Naustavör – Bryggjuhverfið Kópavogi • Nýjar og glæsilegar íbúðir til sölu. • Leitið upplýsinga á skrifstofu.

Byggðarendi. Glæsilegt einbýlishús.

Mjög vel við haldið 316,9 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum 27,0 fm. bílskúr við Byggðarenda í Reykjavík.

Rúmgóðar stofur með stórum gluggum, arni og glæsilegu útsýni. Stórar svalir sem snúa til austurs og suðurs. 6-7 svefnherbergi.
Eignin hefur fengið gott viðhald í gegnum tíðina. Komið hefur verið fyrir gólfhitakerfi og skipt um gólfefni í flestum rýmum hússins.

Eignin er vel staðsett á 814,0 fm. gróinni lóð með stórri afgirtri viðarverönd til suðurs. Glæsilegt útsýni er frá efri hæð að Esjunni, Móskarðshnjúkum, Úlfarsfelli, Skálafelli og víðar.

Verð 120,0 millj.

Grænamýri – Seltjarnarnesi. Glæsilegt parhús.

- Stórglæsilegt 354,2 fm. parhús á þremur hæðum (tengihús) á nýlega endurnýjaðri lóð.
- Húsið hefur verið mjög mikið endurnýjað nýlega, m.a. eldhúsinnrétting og tæki, bæði baðherbergi og gestasalerni, rafmagnstafla og neysluvatnslagnir. Gólfhiti er í flísalögðum rýmum. Parket á gólfum hússins er allt gegnheilt stafaparket úr eik.
- Samliggjandi rúmgóðar og bjartar parketlagðar stofur með nýjum glæsilegum arni eftir Jón Eldon. Eldhúsið er rúmgott og með mjög fallegum hvítum sérsmíðuðum innréttingum með korean á borðum. Stórt sjónvarpshol.

Hér er um að ræða verulega vandað hús með fallegri afgirtri og skjólgóðri lóð á frábærum stað á Seltjarnarnesi.

Stakkholt 4b. 2ja herbergja íbúð með góðum svölum.

Eignin verður til sýnis í dag, mánudag, frá kl. 17.15 – 17.45

- Glæsileg 72,0 fm. íbúð á 4. hæð að meðtalinni sér geymslu í nýlegu fjölbýlishúsi við Stakkholt. Íbúðin er með góðum svölum til suðausturs og sér stæði í bílageymslu fylgir. Aðeins þrjár íbúðir eru á hæðinni.
- Íbúðin er vönduð og innréttuð á afar smekklegan hátt. Stofa er opin við eldhús og rúmar vel setustofu og borðstofu. Útgengi á svalir til suðausturs. Rúmgott svefnherbergi með stórum glugga til norðurs. Baðherbergi með þvottaaðstöðu.
- Húsið er byggt árið 2014 af ÞG verk ehf. Lóð og sameign er mjög snyrtileg og allur frágangur til fyrirmyndar.

Verð 46,9 millj.

Austurströnd 6 - Seltjarnarnesi. 4ra herbergja íbúð.

Eignin verður til sýnis í dag, mánudag, frá kl. 17.15 – 17.45

- Góð 105,7 fm. íbúð á 3. hæð, jarðhæð að ofanverðu, með skjólgóðri verönd til suðvesturs og sér afgirtum garði. Sér geymsla og sér merkt bílastæði í bílageymslu fylgir eigninni.
- Eignin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð. Gólfefni hafa verið endurnýjuð að mestu, innréttingu og tæki í eldhúsi og baðherbergi sem er með glugga. Nýtt dyrasímakerfi er í húsinu.
- Þrjú svefnherbergi. Útgangur á verönd úr hjónaherbergi. Rúmgóð stofa þaðan sem nýtur útsýnis út á sundin.
- Lóðin er ræktuð og með fallegum gróðri og tyrfðum flötum.

Verð 49,9 millj.

Skipasund 3. Góð 3ja herbergja íbúð.

Eignin verður til sýnis í dag, mánudag, frá kl. 17.15 – 17.45

- Björt og falleg 77,7 fm. íbúð á jarðhæð/kjallara í algjörlega endurnýjuðu þríbýlishúsi við Skipasund.
- Eignin er mjög björt með rúmgóðum herbergjum, glugga á baðherbergi, borðaðstöðu í eldhúsi og nýlegum gólfefnum. Stofa með gluggum í tvær áttir.
- Eignin hefur verið mikið endurnýjuð á sl. árum. Húsið hefur allt verið viðgert og steinað upp á nýtt, þakjárn er nýlegt, allt gler og allir gluggar hússins eru nýlegir.

Lóðin er með stórum tyrfðum flötum og trjágróðri og er í óskiptri sameign hússins.

Verð 38,9 millj.

Fífusel 41. 4ra herbergja íbúð – laus strax.

Eignin verður til sýnis miðvikudag, frá kl. 17.15 – 17.45

- Vel skipulögð og björt 106,7 fm. íbúð á 2. hæð að meðtalinni sér geymslu í fjölbýlishúsi við Fífusel auk sér bílastæðis í bílageymslu með þvottaaðstöðu fyrir bíla og góðum gluggum.
- Rúmgóð stofa með útgengi á skjólsælar svalir til suðurs. Borðstofa við eldhús. Þrjú svefnherbergi.
- Húsið að utan er klætt með steniplötum og þak er verið að endurnýja á kostnað seljanda.

Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.

Verð 41,9 millj.

Laugavegur. 3ja herbergja íbúð með 65 fm. þakgarði /svölum

- Glæsileg 101,3 fm. íbúð á 3. hæð að meðt. sér geymslu. Gengið er upp 2 hæðir. Húsið er nánast algjörlega endurnýjað hið ytra. 65 fm. svalir / þakgarður til suðurs.
- Aukin lofthæð er í allri íbúðinni. Rúmgóð stofa. Eldhús með sprautulökkuðum innréttingum og nýlegum tækjum. Tvö herbergi.
- Gengið er úr eldhúsi um garðskála út á skjólgóðar svalir / þakgarð sem snýr til suðurs og er lagður timbri.

Verð 69,9 millj.

Markarflöt 14 – Garðabæ. 5 herbergja neðri sérhæð.

Eignin verður til sýnis miðvkudag frá kl. 17.15 – 17.45

- 126,0 fm. neðri sérhæð í tvíbýlishúsi á Flötunum í Garðabæ. Lóðin er sameiginleg 1.143 fm. að stærð, ræktuð og tyrfð. Hellulögð innkeyrsla.
- Eignin skiptist í forstofu, rúmgóða stofu, eldhús með rúmgóðum borðkrók, fjögur herbergi, baðherbergi og þvottaherbergi/geymslu.
- Húsið að utan: Komið er að málningu að utan eftir framkvæmdir. Þakjárn var yfirfarið og skipt um rennur árið 2017 ásamt því að endurnýja drenlagnir.

Staðsetning eignarinnar er virkilega góð en stutt er í leikskóla, skóla, verslanir, þjónustu og íþróttamiðstöðina Ásgarði.

Verð 54,9 millj.

Heilsárshús á eignarlandi í landi Heyholts, Borgarbyggð.

- Vandað og vel staðsett 74,9 fm. heilsárshús sem byggt var 2006 og skiptist í rúmgott alrými með mikilli lofthæ ogsamanstendur af stofu með arni, borðstofu og eldhúsi.
2.990

DCP-J572DW WIFI

Prentari m/ 4 sparneytin hylki, skanni og ljósritun

14.990

SPENNUBREYTIR

220V innstunga ásamt USB tengi

4.893

Í FERÐALAGIÐ

Festing á hnakkapúða fyrir spjaldtölvur

1.393

BÍLA SÍMAFESTING

Hágæða bílastandur fyrir snjallsíma

1.393

MERKJA FATNAÐ

Brother TZeFA3 borði fyrir vefnaðarvörur

2.691

PÚTTER PAKKI

Það komast ekki allir á völlinn í sumar;)

995

Opnunartímar
Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16

TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900
Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

EIGNAMIÐLUN

60 ÁRA FRAMÚRSKARANDI SÍÐAN 1957

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957 | GRENSÁSVEGUR 11 | SÍMI 588 9090

OPIÐ HÚS **ÞRIÐJUDAGINN 4. JÚNÍ KL. 16.30 -17.30**

Hverfisgata 85

FRÁBÆRLEGA STAÐSETTAR ÍBÚÐIR Í MIÐBORG REYKJAVÍKUR



2ja herbergja íbúð
verð frá 37,9 m.kr.
Sér stæði í bílageymslu fylgir

Í HÚSINU ERU 70 FALLEGAR OG VEL HANNAÐAR TVEGGJA TIL ÞRIGGJA HERBERGJA ÍBÚÐIR
Skjólgóður inngarður og gönguleiðir eru hannaðar af landslagsarkitekt hússins. Húsið er hluti af heildaruppbyggingu á hluta Baróns- og Laugavegsreit með nýjum göngustígum, uppgerðum eldri húsum auk nýbygginga. Fyrirhugaðar eru listskreytingar á svæðinu í samvinnu við Reykjavíkurborg. Hverfið liggur ákaflega vel við samgöngum og styður vel við bíllausan lífsstíl fyrir þá sem það kjósa.

- **Íbúðir skilast fullbúnar án megin gólfefna**
- **Flísar á votrýmum.**
- **Innfeld lýsing og steinn á borðum.**
- **Öllum íbúðum fylgir sér stæði í bílakjallara.**

Ármann Þór Gunnarsson
löggiltur fasteignasali
armann@eignamidlun.is
Sími 847 7000

Brynjar Þór Sumarliðason
löggiltur fasteignasali
brynjar@eignamidlun.is
Sími 896 1168

Guðlaugur I. Guðlaugsson
löggiltur fasteignasali
gudlaugur@eignamidlun.is
Sími 864 5464

Hreiðar Levy Guðmundsson
nemi til lögg. fasteignasala
hreidar@eignamidlun.is
Sími 661 6021

OPIÐ HÚS
MIÐVIKUDAGINN 5. JÚNÍ, KL. 17.00-17.30

Breiðakur

GLÆSILEGAR SÉRÍBÚÐIR MEÐ BÍLSKÝLI

BREIÐAKUR 2-4 OG 6-8, GARÐABÆR
Nýjar, glæsilegar og rúmgóðar 3-4ra herbergja íbúðir í 8 íbúða lyftuhúsi. Stórt stæði í upphitaðri bílageymslu fylgir hverri íbúð.

Íbúðirnar afhendast samkvæmt skilalýsingu fullbúnar án megingólfefna. Sérinngangur af svalagangi.

Afhending íbúða er mjög fljótlega
Verð frá 63,9 -74,9 millj.

Þórarinn M. Friðgeirsson
löggiltur fasteignasali
thorarinn@eignamidlun.is
Sími 899 1882

Kjartan Hallgeirsson
löggiltur fasteignasali
kjartan@eignamidlun.is
Sími 824 9093

OPIÐ HÚS Í SÝNINGARÍBÚÐ AÐ LYNGÁSI 1
ÞRIÐJUDAGINN 4. JÚNÍ, KL. 17.00-17.30

Lyngás 1

FRÁBÆR STAÐSETNING MIÐSVÆÐIS Í GARÐABÆ
Síðasti áfanginn við Lyngás 1 kominn í sölu Hagkvæmar 2ja, 3ja, 4ra, og 5 herbergja íbúðir, flestar með stæði í bílageymslu. Íbúðirnar eru vel staðsettar, miðsvæðis í Garðabæ, í göngufæri frá skólum, sundlaug, íþróttasvæði og verslun. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna.

Verð: 35,9 m.kr. – 63,9 m.kr.

Stærð: 59,7 fm – 125 fm

Hilmar Þór Hafsteinsson
löggiltur fasteignasali
hilmar@eignamidlun.is
Sími 824 9098

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir
löggiltur fasteignasali
hrafnhildur@eignamidlun.is
Sími 862 1110

Ármann Þór Gunnarsson
löggiltur fasteignasali
armann@eignamidlun.is
Sími 847 7000

Jordan Henderson tók við sínum fyrsta bikar sem fyrirliði Liverpool um helgina fjórum árum eftir að hann tók við fyrirliðabandinu af Steven Gerrard. Henderson lék allan leikinn fyrir Liverpool í sigrinum á Tottenham í Madríd. NORDICPHOTOS/GETTY

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Myndir frá sigurhátíð Liverpool er að finna á +Plús-síðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

Farsæll endir hjá Liverpool

Liverpool er Evrópumeistari í sjötta sinn eftir 2-0 sigur á Tottenham í Madríd um helgina. Ári eftir að hafa horft á eftir titlinum til Real Madrid voru það Bítlarborgarmenn sem reyndust sterkari um helgina.

FÓTBOLTI Jurgen Klopp tókst að standa við loforðið sem hann gaf þegar hann tók við félaginu og skilaði titli á fyrstu fjórum árum sínum með félaginu. Ekki var það neinn smávægilegur titill heldur sá eftirsóknarverðasti í Evrópu, sjálfur Meistaradeildartitilinn. Með því skaust Liverpool fram úr Barcelona og Bayern München með sex Meistaradeildartitla, aðeins AC Milan (7) og Real Madrid (13) eru með fleiri titla frá því að keppnin var sett á laggirnar 1955.

Þetta var í fyrsta sinn sem Tottenham lék til úrslita en annað árið í röð sem Liverpool lék til úrslita. Liðin fengu drjúgan tíma til undirbúnings, þegar leikurinn var flautaður á voru tæpar þrjár vikur liðnar frá síðasta leik liðanna. Fyrir vikið náðu Roberto Firmino og Harry Kane, framherjar liðanna, að ná sér af meiðslunum sem hafa verið að plaga þá undanfarnar vikur. Það virtist sem svo að hléið sem leikmenn fengu hafi slegið þá út af laginu. Spilamennska liðanna sem hafa spilað frábæran sóknarleik lengst af tímabilsins var ekki góð og var greinilegt að menn misstu aðeins taktinn.

Bítlaborgarmenn fengu sannkallaða draumabyrjun því eftir 27 sekúndur var Damir Skomina, slóvenski dómari leiksins, búinn að dæma vítaspyrnu á Tottenham. Sadio Mane reyndi þá sendingu sem fór af bringu Moussa Sissoko og í hönd franska landsliðsmannsins. Harður dómur en Skomina var viss í sinni sök og tóku myndbandsdómararnir undir ákvörðun hans.

Á vítapunktinn steig Mohamed Salah sem fór meiddur af velli í upphafi leiks þegar Liverpool lék til úrslita í fyrra og skoraði með þéttingsföstu skoti sem Hugo Lloris réði ekki við þrátt fyrir að skotið hafi ekki verið langt frá örmum franska landsliðsmarkmannsins.

Það gaf Liverpool færi á að setjast til baka og bíða eftir færi á skyndisóknum. Pressa Tottenham jókst eftir því sem leið á leikinn og þurfti Alisson Becker í marki Liverpool nokkrum sinnum að taka á honum stóra sínum þar til Divock Origi bætti við öðru marki Liverpool. Með því var björninn unninn, Liverpool var tveimur mörkum yfir og aðeins uppbótartíminn eftir.

Eftir vonbrigði síðasta árs þar sem Liverpool þurfti að horfa á eftir titlinum til Real Madrid voru það Liverpool menn sem fengu að taka við titlinum þetta árið. Klopp hefur unnið hægt og bítandi að því að styrkja liðið til að gera Liverpool kleift að stýra leiknum á eigin forsendum. Brasilíumennirnir Fabinho og Alisson smellpassa inn í leik liðsins og þá nýtur vörn liðsins góðs af því að Liverpool hafi nýtt peninginn sem félagið fékk fyrir Philippe Coutinho fyrir átján mánuðum til að sækja Virgil van Dijk og Alisson.

Þessir tveir hafa gjörbreytt varnarlínu liðsins, sem hefur um árabil verið taugaveikluð og mistökin aldrei virst vera langt undan, yfir í að halda rónni þrátt fyrir að andstæðingarnir séu að pressa stíft í leit að marki.

> **Það var áskorun fyrir bæði lið að undirbúa þennan leik síðustu þrjár vikur en í úrslitaleikjum skiptir bara máli hver vinnur leikina.**
>
> Jurgen Klopp

98

Joel Matip lagði upp seinna mark Liverpool. Er þetta fyrsta stoðsending hans í 98 leikjum fyrir Liverpool.

Á sama tíma geta forráðamenn Tottenham verið stoltir af árangri liðsins þetta árið. Tottenham tók stórt skref í rétta átt þetta árið og getur byggt á frammistöðu þessa árs næstu árin þrátt fyrir að lykilmenn hafi átt erfitt uppdráttar í úrslitaleiknum í Madríd.

„Ég held að ég hafi aldrei sé lið eins og þetta sem berst áfram jafnvel þótt bensínið sé búið. Ég er himinlifandi fyrir hönd leikmanna minna ásamt öllum þeim sem koma að þessu. Það hafa allir tekið þátt í þessu og við njótum þessa saman. Það er ótrúlegt tímabil að baki og þetta var fullkominn endir," sagði Jurgen Klopp, glaðbeittur í leikslok.

„Það var áskorun fyrir bæði lið að undirbúa þennan leik síðustu þrjár vikur en í úrslitaleikjum eru það bara úrslitin sem skipta máli og leikmenn mínir sýndu að þeir höfðu það sem til þurfti," sagði Klopp alsæll eftir að hafa hampað Meistaradeildartitlinum í fyrsta sinn.

kristinnpall@frettabladid.is

Grípur tækifærin þegar þau gefast

DIvock Origi reyndist enn á ný hetja Liverpool þegar kallið kom um helgina. Belgíski framherjinn missti sæti sitt í byrjunarliðinu til Roberto Firmino en kom inn af bekknum og skoraði annað mark Liverpool sem gekk frá leiknum.

Origi var gert ljóst fyrir tímabilið að krafta hans yrði ekki óskað. Origi eyddi síðasta ári hjá Wolfsburg í Þýskalandi en tókst ekki að sanna sig þar. Origi tók það ekki í mál að semja við Wolves eða Galatasaray í vetur og nýtti hvert tækifæri sem honum gafst.

Origi kom inn fyrir Firmino gegn Barcelona í undanúrslitunum og áttu tvö mörk Origi stóran þátt í því að Liverpool komst til Madríd.

Hann fylgdi því eftir með því að innsigla titilinn um helgina.

Aron fékk bronsið í Köln

HANDBOLTI Aron Pálmarsson og félagar í Barcelona þurftu að láta bronsverðlaunin duga í Meistaradeild Evrópu um helgina eftir fimm marka sigur á Kielce í gær. Vardar vann Veszprem í úrslitaleiknum og er Evrópumeistari í annað sinn í sögu félagsins og í annað sinn á síðustu þremur árum.

Börsungar voru komnir langleiðina í úrslitaleikinn á laugardaginn þegar Barcelona leiddi með sjö mörkum um miðbik seinni hálfleiks gegn Vardar frá Makedóníu en Vardar tókst að tryggja sér þáttökuréttinn með 15-6 spretti undir lok leiksins.

Börsungar þurftu því að leika um silfrið þar sem þeir mættu Vive Kielce frá Póllandi og unnu fimm marka sigur, 40-35, þar sem Aron skoraði þrjú mörk í stórskemmtilegum og opnum leik. - kpt

Óvíst með þátttöku Rúnars

FÓTBOLTI Óvíst er hvort Rúnar Alex Rúnarsson, markvörður Dijon í Frakklandi geti gefið kost á sér í leikjum Íslands gegn Tyrklandi og Albaníu í undankeppni EM 2020 vegna meiðsla. Rúnar Alex átti að byrja leiki Dijon í gær en fann fyrir meiðslum í upphitun og fylgdist því með þegar Dijon tryggði sér þátttökurétt í efstu deild á næsta ári.

Erik Hamrén, þjálfari íslenska karlalandsliðsins, gaf það til kynna á dögunum að hann væri ekki búinn að ákveða hver stæði vaktina í markinu í næstu leikjum en ólíklegt verður að teljast að Rúnar Alex komi við sögu vegna meiðsla.

- kpt

Róbert með verðlaunapeningana á Ítalíu í gær. MYND/RAGNHEIÐUR

Róbert Ísak sigursæll á Ítalíu

SUND Sundkappinn Róbert Ísak Jónsson sem keppir fyrir hönd SH var sigursæll á Ítalíu um helgina þar sem World Series Para Swimming 2019 fór fram í Ligano.

Róbert Ísak bætti eigið Íslandsmet um helgina í 100 metra baksundi og var heilt yfir afar sigursæll á mótinu. Alls krækti Róbert í sex verðlaunapeninga, þrenn gullverðlaun, ein silfur og tvenn bronsverðlaun.

Róbert Ísak var stigahæsti fatlaði unglingurinn í heiminum í fyrra og er hann hægt og bítandi að undirbúa sig fyrir Ólympíuleikana sem fara fram á næsta ári. - kpt

Foreldrar á Suðurnesjunum þurfa að punga út milljónum fyrir börnin sín

Íþrótta- og tómstundaráð Reykjanesbæjar telur nauðsynlegt að hækka styrk til efnilegasta íþróttafólks Suðurnesjanna sem tekur þátt í landsliðsverkefnum. Kostnaður leikmanna liðanna sem taka þátt í verkefnum yngri landsliðanna í körfubolta hleypur á milljónum. Formaður KKÍ, Hannes S. Jónsson segir að það svíði að senda reikninga inn á heimili ungs landsliðsfólks.

KÖRFUBOLTI Íþrótta- og tómstundaráð Reykjanesbæjar telur að nauðsynlegt sé að hækka styrki til íþróttafólks bæjarins sem ferðast til útlanda á vegum landsliða sinna. Kostnaður leikmanna yngri landsliða í körfuknattleik, það eru leikmenn U-15, U-16 og U-18 hjá Keflavík og Njarðvík nemur alls um sex milljónum króna. Inn í þessa tölu eru ekki leikmenn í U-20 ára liði karla og kvenna en þau hafa ekki verið valin. Þó nokkrir krakkar frá Suðurnesjum eru í hópnum. Þar þurfa krakkarnir að greiða hvert 279 þúsund krónur kvennamegin en strákarnir borga átta þúsundum minna.

Þeir sem eru í U-15 ára landsliðinu þurfa að borga rúmar 100 þúsund krónur fyrir að skara fram úr í sinni íþrótt og vera fulltrúi Íslands. Suðurnesjaliðin eiga 10 leikmenn í hópnum. Sex koma frá Njarðvík en fjórir frá Keflavík. Þeir sem eru í U-16 þurfa að punga út 172 þúsund krónur fyrir Norðurlandamótið og 246 þúsund fyrir Evrópumótið eða alls 418 þúsund krónum. Þar eru fimm drengir frá Njarðvík. Þau sem eru valin í U-18 ára liðið borga 172 þúsund og fimm hundruð krónum betur fyrir Norðurlandamótið og drengirnir borga 278 þúsund krónur í viðbót fyrir Evrópumót karla. Stelpurnar borga þrjú þúsund krónum minna fyrir að hafa komist á Evrópumótið.

> **Öll útgjöld heimila landsmanna sem tengjast landsliðsverkefnum finnst mér of há.**
>
> Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ

Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ, segir að það svíði að senda reikninga inn á heimili landsliðsfólks.

„Öll útgjöld heimila landsmanna sem tengjast landsliðsverkefnum finnst mér of há. Það er fátt sem auglýsir landið okkar betur en landsliðsfólkið okkar í íþróttum og listum," segir hann.

Hannes þvertekur fyrir að körfuboltinn sé aðeins fyrir hina efnameiri og bendir á að allar aðrar íþróttagreinar en fótboltinn borgi með landsliðsverkefnum.

„Auðvitað er körfuboltinn eins og allar íþróttargreinar fyrir alla en því miður þá þarf að greiða stundum meira fyrir börnin þegar þau ná árangri. Það er þannig hjá okkur í körfunni eins og öllum öðrum yngri landsliðum i íþróttum fyrir utan fótbolta. Á þessu ári er hlutur landsliðskrakka um 70 prósent af kostnaði við ferðirnar og þá er ekki talinn allur sá kostnaður sem tilfellur á skrifstofuna vegna starfsmanna eða t.d. laun landsliðsþjálfaranna allra. Við erum með átta yngri landslið í verkefnum erlendis og fjögur af þeim fara á tvö mót bæði NM og EM."

Leiðin að landsliðinu er ekki aðeins þyrnum stráð því það kostar mikla fjármuni að eiga landsliðsmann eða -stúlku í körfubolta. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hannes bendir á að KKÍ reyni að fjármagna öll verkefni og félögin innan sambandsins reyna að aðstoða einnig sína krakka.

„Við hjá KKÍ erum alltaf að vinna í því að fá fleiri og stærri samstarfsaðila til liðs við okkur og því fleiri sem koma að borðinu með okkur þá getum við lækkað kostnað þeirra sem valin eru í landslið."

Hann segir að sérsamböndin verði að fá meiri pening frá ríkinu aðspurður um hvað sé til ráða. „Númer eitt, tvö og þrjú er að ríkisvaldið, ásamt fyrirtækjum í landinu, komi betur að starfsemi sérsambanda og landsliðanna. Því svo er það hin lausnin, sem ég held að enginn vilji, hvorki við né krakkarnir og foreldrarnir, það er að hætta að senda landsliðin til keppni."

Um styrki til íþróttafólks sem hefur verið valið í landslið Íslands í íþróttagrein sinni gilda eftirfarandi vinnureglur hjá Íþrótta- og tómstundaráði Reykjanesbæjar að sjóðurinn er að jafnaði einungis fyrir landsliðsfólk sem er 25 ára eða yngra. Ekki eru veittir styrkir til keppni eða æfinga með landsliðum innanlands og ef landsliðsfólk þarf að greiða einhvern hluta sjálft af flugfari eða gistingu skal það eiga rétt á styrk að upphæð 20.000 krónur. Þetta þak vill ráðið hækka og var vísað til vinnu við fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.

benediktboas@frettabladid.is

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Framúrskarandi fyrirtæki 2014 - 2016
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is

Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Til leigu veitinga- og / eða verslunarhúsnæði á frábærum stað

Til leigu er um 400 fermetra mjög glæsilegt húsnæði á mjög áberandi og fjölförnum stað í miðborginni.

Húsnæðið hentar vel sem veitingahús og / eða sem verslunarhúsnæði.

Um er að ræða glæsilega nýbyggingu með hótelherbergjum á efri hæðum.

Húsnæðið er til afhendingar fljótlega og skilast rúmlega tilbúið undir innréttingar, en hús að utan og lóð verða fullfrágengin.

Allar nánari upplýsingar veitir Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali í netfanginu gtj@fastmark.is

+PLÚS

Um hálf milljón stuðningsmanna Liverpool tók á móti liðinu sem varð Evrópumeistari árið 2005 en í ár er talið að 750.000 manns hafi hyllt hetjur sínar við heimkomuna. NORDICPHOTOS/GETTY

Ósvikin gleði réði ríkjum í Liverpool

Talið er að um 750.000 manns hafi mætt í skrúðgöngu í Liverpool-borg í gær til heiðurs leikmönnum Liverpool, degi eftir að liðið vann 2-0 sigur á Tottenham í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu.

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

3. JÚNÍ 2019 MÁNUDAGUR

Merkisatburðir

1844 Síðustu geirfuglarnir sem vitað er um voru veiddir í Eldey.

1855 Georg fimmti Englandskonungur fæddist.

1932 Ríkisstjórn Ásgeirs Ásgeirssonar forseta tók við völdum.

1962 Hundrað og þrjátíu farþegar látast þegar Boeing 707 vél Air France brotlendir í flugtaki í París.

1963 Hólmfríður Karlsdóttir, alheimsfegurðardrottning fæddist.

1974 Fyrstu stúdentarnir útskrifuðust frá Menntaskólanum á Ísafirði.

1983 Víkingasveit lögreglunnar í Reykjavík var stofnuð með 12 sérþjálfuðum mönnum.

2006 Svartfjallaland lýsti yfir sjálfstæði sínu.

2009 Hjónabönd samkynhneigðra voru lögleidd í New Hampshire í Bandaríkjunum.

2010 Pétur Sigurgeirsson Biskup Íslands lést.

2017 Átta létu lífið og tugir særðust í hryðjuverkaárás í London.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Brynhildur Garðarsdóttir

frá Patreksfirði,

lést þann 29. maí á Hrafnistu í Hafnarfirði.

Helgi Einarsson
Brynjar Jakobsson
Soffía Jakobsdóttir
Laura Hildur Jakobsdóttir
Guðrún Þórðardóttir
Hafdís Ósk Sigurðardóttir
Rögnvaldur Jóhannesson
Jónas Þór Ragnarsson
barnabörn og langömmubörn.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Francis Anthony Lynch

- Tony Lynch -

lést á Karaka Summerset Hospital á Nýja-Sjálandi mánudaginn 27. maí. Útför hans fer fram frá St Mary´s Kirkju, Cnr of East and Wellington Sts, Papakura, þriðjudaginn 4 júní kl. 13.30.

David Dominic Lynch
Kieron Lynch
Rebekka Sigrún, Eiríkur Anthony, Sandra Kristín
Stella Marcel
Anna Bryndís Hendriksdóttir
Caroline Lynch
Georgia Ann

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Trausti Sigurðsson

frá Hæli í Vestmannaeyjum, til heimilis á Kirkjusandi 5, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 22. maí. Útförin fer fram frá Áskirkju, miðvikudaginn 5. júní klukkan 13.00.

Herborg Sigurðsson
Soffía Traustadóttir
Bára Traustadóttir
Sóley Traustadóttir
Skúli Bergmann
Björn Elíson
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.



Pólverjar á Íslandi fögnuðu í nóvember hundrað ára afmæli endurheimtar fullveldis Póllands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nemendafjöldi í Pólska skólanum sexfaldast

Áratugur síðan skólinn var stofnaður. Sótt um styrk t fyrir næstu kynslóð Pólverja

Markmið skólans er að pólsk börn sem búa á Íslandi fái kennslu í móðurmáli sínu, pólskri sögu, landafræði Póllands og menningu," segir í erindi frá Vinafélagi Pólska skólans þar sem óskað er eftir styrk frá Garðabæ til reksturs skólans.

Í vinafélaginu eru foreldrar barna í Pólska skólanum og kennarar skólans. Kennt er á laugardögum í Fellaskóla í Reykjavík. Auk höfuðborgarinnar eru nemendur frá Kópavogi. Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Grindavík, Akranesi og Garðabæ. Að því er fram kemur í erindinu hefur skólinn fengið viðurkenningu frá Reykjavíkurborg fyrir starf sitt. Fjármögnunin sé byggð á gjöldum sem foreldrar og forráðamenn greiði.

„Að öðru leyti hefur skólinn leitað til pólska sendiráðsins og velunnara, þar með talið pólskra stofnana, um stuðning," segir áfram. Á þessu skólaári séu margir að ljúka menntun sinni í Pólska skólanum. Ætlunin sé að veita nemendum verðlaun og safna fé til að kaupa bækur og annað kennsluefni.

„Því erum við að snúa okkur til fyrirtækja, stofnana og einstaklinga með vinsamlegri beiðni um að styrkja verkefnið í formi fjármagns eða hlutum sem gætu verið góðar útskriftargjafir fyrir nemendur okkar," segir vinafélagið og býður í staðinn viðurkenningu á framlaginu og kynningu á vefsíðu skólans.

„Við trúum því að stuðningur þinn muni hjálpa okkur að að ná fram skilgreindum markmiðum og framkvæma fyrirhuguð verkefni og muni vera framlag til þróunar og menntunar næstu kynslóðar Pólverja á Íslandi," segir Vinafélag Pólska skólans.

Bæjarráð Garðabæjar vísaði styrkumsókninni til afgreiðslu bæjarstjóra.

gardar@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 3. JÚNÍ 1989

Þrjátíu ár síðan páfinn kyssti íslenska jörð

Í dag eru þrjátíu ár liðin frá því að Jóhannes Páll páfi II sótti Ísland heim. Hann lenti á Keflavíkurflugvelli laugardaginn 3. júní kl. 13 og kom hann hingað með þotu Flugleiða sem bar nafnið Frónfaxi. Á flugvellinum tóku meðal annars á móti honum þáverandi forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, og fulltrúi frá ríkisstjórninni.

Við komuna til Íslands kyssti páfinn íslenska jörð og sagði Íslendingum bera skylda til þess að halda fast í þau gildi sem móti sögu þeirra sem kristinnar þjóðar. Páfinn var á Íslandi í rúman sólarhring og söng meðal annars messu í Kristskirkju í Reykjavík og tók þátt í samkirkjulegri guðþjónustu á Þingvöllum.

Páfinn kom til Íslands frá Noregi og var heimsóknin liður í pílagrímsferð hans um Skandinavíu. Með honum í för var fjöldinn allur af fjölmiðlafólki sem fylgdist með ferðalagi hans. Að heimsókninni lokinni fór páfi til Finnlands, Danmerkur og Svíþjóðar. Jóhannes Páll páfi II var víðförlastur allra páfa og ferðaðist til 129 landa á 26 ára ferli sínum. **- bdj**

Jóhannes Páll páfi annar í heimsókn á Íslandi árið 1989. FRÉTTABLAÐIÐ/KAE

HLAÐVARPIÐ

Hlaðvarpið á frettabladid.is er nýjung þar sem boðið verður upp á skemmtileg og fræðandi hlaðvörp um hin ýmsu málefni.



Hlaðvarpið á frettabladid.is

hlustaðu þegar þér hentar

Krúnuvarpið

Lifum lengur

Hismið

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook og Instagram

FRETTABLADID.IS

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
11 °C | 8	1 °C | 9	5 °C | 6
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
4 °C | 10	11 °C | 10	4 °C | 10

Hægt vaxandi vindur, 8-15 í kvöld, en sums staðar 13-18 suðaustur af Vatnajökli. Rigning eða slydda með köflum um landið norðaustanvert, en snjókoma til fjalla. Skýjað en úrkomulítið norðvestan til, en þurrt og bjart að mestu sunnan jökla. Hiti 4 til 14 stig að deginum, mildast suðvestanlands.

Þriðjudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
9 °C | 8	0 °C | 8	4 °C | 8
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
4 °C | 9	12 °C | 9	1 °C | 9

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
8 °C | 5	1 °C | 5	0 °C | 2
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
2 °C | 4	11 °C | 3	1 °C | 8

LÉTT

	4			2	8		6	1
							2	5
9		3					7	8
7				8	2			6
		5	3				8	
	6			5	7			
8				4			9	
1								
	3	6		1				

MIÐLUNGS

5			3	7			8	
4			5	8	9			
		2	1					
	4			9			1	
9				2	1			6
1		5			8	7		
		9		4				7
					6	1		3
		6				9		

ÞUNG

6			7	5				
					8		1	
					3			
	9				7		2	8
2	6		4					
8			2				3	
			3			7		5
4		1	6				9	
		6		9		1		

Krossgáta

LÁRÉTT
1. ávöxtur
5. seint
6. kraðak
8. jurt
10. á fæti
11. maðk
12. garmur
13. ríki í sv-asíu
15. matarsódi
17. klettur

LÓÐRÉTT
1. lyf
2. fleygur
3. skel
4. titra
7. blanda
9. fáeina
12. rétt
14. fljótfærni
16. org



LÁRÉTT: 1. akarn, 5. síð, 6. ós, 8. planta, 10. il, 11. orm, 12. skar, 13. Irak, 15. natrón, 17. stapi.
LÓÐRÉTT: 1. aspirín, 2. kíl, 3. aða, 4. nötra, 7. samrunI, 9. nokkra, 12. satt, 14. ras, 16. óp.

Skák Gunnar Björnsson

Hjörvar Steinn Grétarsson (2.560) átti leik gegn Þresti Þórhallssyni (2.425) á Skákhátíð MótX í febrúar.

40....f4! 41. Hxf4 Hxg2+ 42. Hxg2 Hxg2+ 43. Dxg2 Bxg2 44. Kxg2 De6 og svartur vann nokkru síðar.

www.skak.is: Nýjustu skákfréttir

Svartur á leik



7	1	3	9	2	5	8	6	4
2	6	5	7	4	8	3	9	1
8	9	4	3	6	1	5	7	2
9	4	6	5	7	3	1	2	8
5	2	8	1	9	6	4	3	7
1	3	7	2	8	4	9	5	6
6	5	9	8	1	7	2	4	3
3	7	1	4	5	2	6	8	9
4	8	2	6	3	9	7	1	5

6	2	4	7	8	1	3	9	5
5	7	8	3	9	2	1	4	6
3	9	1	5	4	6	7	2	8
7	3	6	4	1	9	5	8	2
8	1	9	2	3	5	4	6	7
2	4	5	6	7	8	9	3	1
4	5	7	8	6	3	2	1	9
9	6	3	1	2	7	8	5	4
1	8	2	9	5	4	6	7	3

6	9	3	2	7	4	8	1	5
8	7	5	3	9	1	6	2	4
1	2	4	5	6	8	3	7	9
5	8	6	7	2	3	9	4	1
9	3	1	6	4	5	7	8	2
2	4	7	8	1	9	5	6	3
7	6	9	4	3	2	1	5	8
3	5	2	1	8	7	4	9	6
4	1	8	9	5	6	2	3	7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.



Pondus Eftir Frode Øverli



Gelgjan Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Allir miðlar með sinn fulltrúa

Á sýningunni Vor sem nú stendur yfir á Listasafninu á Akureyri sýna norðlenskir myndlistarmenn verk sín.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Nú stendur yfir í Listasafninu á Akureyri sýningin Vor en þar sýna norðlenskir myndlistarmenn verk sín. Venjulega tökum við ekki á móti umsóknum um sýningar en þetta er eina sýningin á tveggja ára fresti sem listamenn sækja um að taka þátt í. Þeir senda inn tillögur að þremur verkum og fimm manna dómnefnd velur verk og listamenn," segir Hlynur Hallsson safnstjóri listasafnsins en hann var í hópi þeirra sem sátu í dómnefnd. „Þetta er í þriðja sinn sem við höldum sýningu eins og þessa, sú fyrsta var 2015 og önnur sýningin fyrir tveimur árum. Að þessu sinni sýna 30 listamenn tæplega 40 verk."

„Þetta er eina sýningin á tveggja ára fresti sem listamenn sækja um að taka þátt í," segir Hlynur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Endurspeglun fjölbreytileika

Forsenda þátttöku var að myndlistarmennirnir búi eða starfi á Norðurlandi eða hafi tengingu við svæðið. „Við erum ekki að skilgreina ítarlega hvað er að vera norðlenskur listamaður. Það nægir að listamaðurinn sé fæddur á Norðurlandi en búi annars staðar, það er nóg að hafa verið í námi á Norðurlandi eða búið þar einhvern tíma. Fólk skilgreinir sig sjálft sem norðlenska listamenn. Þetta árið búa um tveir þriðju þátttakenda fyrir norðan."

Hlynur segir mikla fjölbreytni einkenna sýninguna. „Þarna eiga allir miðlar sinn fulltrúa: textíll, málverk, skúlptúrar, innsetningar, ljósmyndir, teikningar og svo framvegis. Verkin endurspegla fjölbreytileikann í því sem er að gerast hjá norðlenskum listamönnum. Ég er stundum spurður hvort norðlensk list sé eitthvað öðruvísi en sunnlensk list eða höfuðborgarlist. Mitt svar er að það sé mjög erfitt að skilgreina það á sama hátt og erfitt er að skilgreina íslenska list," segir Hlynur.

> VERKIN ENDURSPEGLA FJÖLBREYTILEIKANN Í ÞVÍ SEM ER AÐ GERAST HJÁ NORÐLENSKUM LISTAMÖNNUM.

Sýningin stendur fram í september.

Tólf mismunandi rými

Ekki er langt síðan miklar endurbætur voru gerðar á Listasafninu á Akureyri og það stækkað verulega.

„Við erum mjög ánægð með þessa stækkun á safninu sem var löngu tímabær og ánægðust erum við með viðbrögðin sem hafa farið fram úr okkar björtustu vonum. Við erum núna með 12 mismunandi rými þannig að við getum verið með 5-7 sýningar í gangi í einu," segir Hlynur.

Verk eftir listakonuna Jonnu en hún sýnir heklaða, hangandi skúlptúra.

Listamennirnir

Listamennirnir sem taka þátt í sýningunni Vor eru: Arna Valsdóttir, Árni Jónsson, Baldvin Ringsted, Bergþór Morthens, Brynhildur Kristinsdóttir, Brynja Baldursdóttir, Eiríkur Arnar Magnússon, Fríða Karlsdóttir, Habby Osk, Heiðdís Halla Bjarnadóttir, Hekla Björt Helgadóttir, Helga Pálína Brynjólfsdóttir, Helga Sigríður Valdimarsdóttir, Hólmfríður Vídalín Arngrímsdóttir, Jonna–Jónborg Sigurðardóttir, Joris Rademaker, Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá, Lilý Erla Adamsdóttir, Mari Mathlin, Ragnheiður Björk Þórsdóttir, Rebekka Kühnis, Rósa Njálsdóttir, Samúel Jóhannsson, Sara Björg Bjarnadóttir, Sigríður Huld Ingvarsdóttir, Sigurður Mar Halldórsson, Snorri Ásmundsson, Stefán Boulter, Svava Þórdís Baldvinsdóttir Júlíusson og Þórdís Alda Sigurðardóttir.

BÚSETURÉTTIR TIL SÖLU

Reykjavík og Hafnarfjörður

BÚSETI

LAUGAVEGUR 135 · 105 RVK.

52,2 ferm. · 2ja herb. · 101 íbúð nr.

Búseturéttur: 4.179.640 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 137.493 kr.
Mögulegt lán: 800.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Byrjun júlí

LAUGARNESVEGUR 56 · 105 RVK.

151,9 ferm. · 6 herb. · 101 Íbúð nr.

Búseturéttur: 13.549.818 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 311.666 kr.
Mögulegt lán: 3.000.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sept / okt.

KIRKJUSTÉTT 13 · 113 RVK.

114,3 ferm. · 5 herb. · 209 íbúð nr.

Búseturéttur: 6.101.248 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 232.061 kr.
Mögulegt lán: 2.000.000 kr
Afhending að ósk seljanda: Byrjun sept.

ÞVERHOLT 15 · 105 RVK.

65 ferm. · 2ja herb. · 204 íbúð nr.

Búseturéttur: 7.583.498 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 186.145 kr.
Mögulegt lán: Allt að 50%
Afhending að ósk seljanda: Júní.

DVERGHOLT 1 · 220 HFJ.

76,3 ferm. · 2ja herb. · 202 íbúð nr.

Búseturéttur: 4.646.250 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 163.926 kr.
Mögulegt lán: 1.000.000
Afhending að ósk seljanda: Samkomulag

EINHOLT 10 · 105 RVK.

125,9 ferm. · 4ra herb. · 302 íbúð nr.

Búseturéttur: 11.446.287 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 276.508 kr.
Mögulegt lán: 3.000.000
Afhending að ósk seljanda: Fljótlega

INNIFALIÐ Í BÚSETUGJALDI
Fjármagnskostnaður, skyldutryggingar, hiti, fasteignagjöld, hússjóður, þjónustugjald og framlag í viðhaldssjóð.

BÚSETURÉTTIR TIL SÖLU
Umsóknarfrestur:
Til 11. júní. kl. 16:00
Úthlutun: 12. júní. kl. 12:00

WWW.BUSETI.IS · BUSETI@BUSETI.IS · SÍMI: 556 1000

DAGSKRÁ

Mánudagur



ÞÚ GETUR LESIÐ BLAÐ DAGSINS Á FRETTABLADID.IS OG Í FRÉTTABLAÐS APPINU, HVAR SEM ÞÚ ERT Í SUMAR!

FRÉTTABLAÐIÐ
MEÐ ÞÉR Í SUMAR

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook og Instagram

RÚV SJÓNVARP

13.00 Útsvar 2014-2015 Akureyri - Skagafjörður
14.00 Sögur - verðlaunahátíð barnanna Upptaka frá skemmtilegustu verðlaunahátíð landsins, þar sem við verðlaunum það sem vel var gert í barnamenningu á Íslandi árið 2018. Sögur verða í forgrunni enda eru þær allt í kringum okkur. Þær eru í tónlistinni sem við hlustum á, settar á svið á leiksviðum landsins, þær eru til sýninga í kvikmyndahúsum og í sjónvarpinu og að sjálfsögðu í bókunum okkar. Sögur fyrir og eftir krakka verða verðlaunaðar og krakkarnir sjálfir ráða ferðinni, því þeir kjósa það sem þeim fannst bera af á seinasta ári. e.
15.05 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps Þættir frá 2016 þar sem litið er um öxl yfir 50 ára sögu sjónvarps og fróðleg og skemmtileg augnablik rifjuð upp með myndefni úr Gullkistunni. Kynnir er Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir. Dagskrárgerð: Egill Eðvarðsson. e.
15.20 HM U20 karla í fótbolta Bein útsending frá leik í 16-liða úrslitum á HM U20 karla í fótbolta.
17.20 Út og suður
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Lalli
18.08 Minnsti maður í heimi
18.09 Símon
18.15 Refurinn Pablo
18.20 Klaufabárðarnir
18.28 Klingjur
18.39 Mói
18.50 Vísindahorn Ævars
19.00 Fréttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, allt árið um kring.
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós Frétta- og mannlífsþáttur þar sem ítarlega er fjallað um það sem efst er á baugi. Stærstu fréttamál dagsins eru krufin með viðmælendum um land allt. Umsjónarmenn eru Einar Þorsteinsson og Sigríður Hagalín Björnsdóttir.
19.50 Menningin
20.00 Njósnarar í náttúrunni. Á tökustað
21.00 Svikamylla Í þriðju þáttaröð þessara dönsku sakamálaþátta beinast sjónir frá hvítflibbaglæpum að heimi götuglæpa og eiturlyfjaviðskipta. Þættirnir fylgja tveimur sögupersónum úr fyrri þáttaröðunum, Nicky sem nú er orðinn einn af höfuðpaurum dönsku undirheimanna og Alf sem er í nýju starfi hjá lögreglunni. Aðalhlutverk: Esben Smed, Thomas Hwan og Maria Rich. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Ferskir straumar Heimildarmynd sem rekur sögu og þróun hip-hop tísku, allt frá bómullarplantekrum Suðurríkjanna til gengja í Suður-Bronx á áttunda áratugnum og að lokum til bandarískra stórfyrirtækja og á tískupalla um heim allan.
23.40 Haltu mér, slepptu mér - 1. þáttur
00.30 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 US Women's Open
13.00 The Memorial Tournament
18.30 PGA Highlights
19.25 US Women's Open

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Tonight Show
09.30 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 The Good Place
13.50 Will and Grace
14.15 Crazy Ex-Girlfriend
15.00 90210
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 Rel
20.10 Top Chef
21.00 Hawaii Five-0
21.50 Blue Bloods
22.35 Shades of Blue
23.20 The Tonight Show
00.05 The Late Late Show
00.50 NCIS
01.35 NCIS. Los Angeles
02.20 For the People
03.05 Star
03.50 Heathers

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Flugur Smellir frá árinu 1969
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Til allra átta Áfram veginn
15.00 Fréttir
15.03 Frakkneskir fiskimenn Fyrsti þáttur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Hátalarinn Mikael Máni Ásmundsson og Bobby
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.40 Kvöldsagan. Húsið
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.50 Ronja ræningjadóttir
13.55 Paris Can Wait
15.30 Murder, She Baked. A Chocolate Chip Cookie Mystery
16.55 Ronja ræningjadóttir
19.00 Paris Can Wait
20.35 Murder, She Baked. A Chocolate Chip Cookie Mystery
22.00 My Dinner With Herve
23.45 American Ultra
01.20 Every Secret Thing
02.55 My Dinner With Herve

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.25 Friends
07.45 Gilmore Girls
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Catastrophe
10.05 Grand Desings. House of the Year
10.55 The Great British Bake Off
11.55 Landnemarnir
12.35 Nágrannar
13.00 The X-Factor
13.50 The X-Factor
14.45 The X-Factor
15.35 Lóa Pind. Bara geðveik
16.10 Maður er manns gaman
16.40 The Big Bang Theory
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.55 Ísland í dag Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
19.10 Sportpakkinn Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
19.20 Veður
19.25 The Mindy Project
19.50 Grand Designs Australia
20.45 Næturgestir
21.10 The Son
22.40 60 Minutes
23.25 The Village
00.10 The Enemy Within
00.55 Chernobyl
01.45 Nashville
02.30 Nashville
03.15 Nashville
04.00 Insecure Önnur þáttaröð þessara frábæru þátta úr smiðju HBO og fjalla um hina hispurslausu en afar óöruggu unga konu sem leikin er af Issa Rea.
04.35 Insecure
05.05 Insecure

STÖÐ 3

19.10 The Last Man on Earth
19.35 Bob's Burger
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.45 Who Do You Think You Are?
21.30 Claws
22.20 Legends of Tomorrow
23.05 Flash
23.50 Supernatural
00.35 The Last Man on Earth
01.00 Seinfeld
01.25 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.50 FH - ÍA Útsending frá leik í Mjólkurbikar karla.
09.30 Breiðablik - HK Útsending frá leik í Mjólkurbikar karla.
11.10 Mjólkurbikarmörkin
12.30 Grindavík - Víkingur Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
14.10 Breiðablik - FH Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
15.50 Stjarnan - Valur Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
17.30 Pepsi Max Mörk karla
19.00 Fréttaþáttur Þjóðadeildarinnar
19.30 Evrópudeildin - fréttaþáttur
20.00 Chelsea - Arsenal Útsending frá úrslitaleik Evrópudeildarinnar.
21.50 UFC Fight Night. Gustafsson vs Sm Útsending frá UFC Fight Night í Stokkhólmi þar sem Alexander Gustafsson og Anthony Smith mætast í aðalbardaga kvöldsins.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

nettoline

Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins

Friform

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562-1500
Friform.is

Boðið var upp á þétta dagskrá af ýmsu sjávartengdu báða dagana.

Björgunarsveitin Ársæll bauð gestum og gangandi upp á að fara á línubrú.

Hátíð hafsins haldin við höfnina

Haldið var upp á sjómannadaginn með pompi og prakt við Reykjavíkurhöfn í gær. Vel var mætt á báða daga Hátíðar hafsins. Hafnardagurinn er á laugardeginum en haldið er upp á jómannadaginn fyrsta sunnudag júnímánaðar. Fatamerkið Bið að heilsa niður í Slipp stóð svo fyrir koddaslag við Vesturbugtina, en þar fór Anna Kristín Bang Pétursdóttir með sigur úr býtum.

Anna Kristín Pétursdóttir Bang hafði betur í slagnum við grínistann Hugleik Dagsson. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Það var blíðskaparveður báða dagana sem Hátíð hafsins stóð.

Esperanza, eitt skipa Greenpeace samtakanna, stoppaði við í Reykjavíkurhöfn á leið sinni yfir Atlantshafið.

GLAMOUR

Komið í allar helstu verslanir

Íslenskt tískutímarit

SUMAR
ÚTSALAN
Í FULLU FJÖRI
Allt að 60% afsláttur

MEXICO
2,5 og 3ja sæta sófar. Dökkblátt, bleikt og skógargrænt sléttflauel. IDdesign
2,5 sæta stærð: 169 x 89 x 87 cm
55.993 kr. ~~79.990 kr.~~
3ja sæta stærð: 201 x 89 x 87 cm
62.993 kr. ~~89.990 kr.~~

DUSART
Vandaður tungusófi úr svörtu gæðaleðri. Hægri eða vinstri tunga. Stærð: 273 x 153/87 x 83 cm
299.994 kr.
~~499.990 kr.~~

LEEDS
Hægindastóll.
Svart sléttflauel.
45% AFSLÁTTUR
49.495 kr.
~~89.990 kr.~~

NORSE
Stækkanlegt borðstofuborð. Svört spónlögð eik. Svartlökkuð málmgrind og fætur. Stærð: 90 x 200/270 x 75 cm
67.996 kr.
~~169.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN
Sími: 558 1100
Reykjavík Bíldshöfði 20: 10 – 18 virka daga, 11 – 17 laugardaga, 13 – 17 sunnudaga
Akureyri Dalsbraut 1: 10 – 18 virka daga, 11 – 16 laugardaga
Ísafjörður Skeiði 1

Stefán Jakobsson, söngvari Dimmu, losaði sig við endajaxlana en það kostaði sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Söng í gegnum sársaukann eftir endajaxlatöku

Stefán Jakobsson í Dimmu fór ekki eftir fyrirmælum læknis eftir endajaxlatöku og tognaði eftir aðgerð í byrjun vikunnar. Gat ekki opnað munninn á föstudag en þrennir tónleikar voru fram undan hjá rokksöngvaranum um helgina.

Nú hef ég tíma til að vera rólegur og stilltur," segir rokksöngvarinn Stefán Jakobsson, kenndur við Dimmu, sem sýndi um helgina að hið forkveðna „the show must go on" lifir enn í rokkinu. Stefán söng sig í gegnum sársaukann á þrennum tónleikum eftir að hafa farið í endajaxlatöku á mánudag og tognaði síðan í kjálkanum í kjölfarið.

„Síðastliðinn mánudag var ég búinn að vera að drepast í viku og hélt ég væri með eyrnabólgu. En fattaði svo hvað væri í gangi þegar einkennin breyttust og bólgan fór að síga. Þá hringdi ég í frænda minn sem er tannlæknir og hann græjaði þetta fyrir mig," segir Stefán í samtali við Fréttablaðið.

Söngvarinn segir að hann hafi verið nokkuð góður fyrri part vikunnar eftir jaxlatökuna en allt hafi farið í baklás á fimmtudagskvöld.

„Ég er auðvitað svo mikill bjáni og var ekki að fara eftir öllum fyrirmælum læknisins varðandi hvað má og má ekki borða. Maður má helst ekki vera að nota þessa vöðva og á íþróttamáli þá bara tognaði ég. Vöðvafestur í kjálkabeininu festust og á föstudagsmorgun gat ég ekki opnað munninn nógu mikið til að ég kæmi litla putta inn í munninn."

„ÉG ER AUÐVITAÐ SVO MIKILL BJÁNI OG VAR EKKI AÐ FARA EFTIR ÖLLUM FYRIRMÆLUM LÆKNISINS VARÐANDI HVAÐ MÁ OG MÁ EKKI BORÐA.

Þá voru góð ráð dýr enda tvennir tónleikar fram undan á föstudag hjá Dimmu og svo sjómannadagsgigg á Ólafsfirði á laugardag og söngvarinn með læstan kjálka.

„Ég fékk skrifað út eitthvað sterkara en íbúfen og dældi í mig. En á leið á flugvöllinn var ég að því kominn að hringja í strákana og hætta við en lét mig hafa það."

Það var ekki fyrr en um fjögurleytið að ljóst var að hann gæti sungið og það var fyrir tilviljun að sögn Stefáns.

„Það fór fyrst að losna um þegar ég var að fá mér kaffi og lagði kaffibollann að kinninni og fattaði að það væri notalegt og fór að nota hann eins og nuddtæki. Hægt og rólega losnaði aðeins um. Það var þó erfitt að syngja enda rosalega vont að opna munninn. Svo fór að ég söng lögin með aðeins minni framburði og aðeins minni glans. Allar nóturnar komu en það kom kannski ekki allt skrautið með," segir Stefán léttur í bragði og feginn að hafa komist í gegnum tónleikana.

Hann hefur nú tíma til að jafna sig og passa upp á sig. Rokkarinn ætlar að fara til Parísar á K-popptónleika með dóttur sinni og hlaða batteríin.

mikael@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

Sumar og haust á Tenerife

Frá kr. **99.995**

Verð frá kr. **119.680**

BÓKAÐU SÓL ALLUR PAKKINN Íslensk fararstjórn, taska og handfarangur innifalið.

Tilboð fyrir 4

20. júní í **11 nætur**

Globales Tamaimo Tropical

Frá kr. 99.995

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn

Frá kr. 128.895 á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting

1. júlí í **10 nætur**



Globales Tamaimo Tropical

Frá kr. 99.995

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn

Frá kr. 131.095 á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting

15. ágúst í **11 nætur**

Castle Harbour

Frá kr. 99.995

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn

Frá kr. 119.095 á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting

Tilboð fyrir 2

22. ágúst í **6 nætur**

Hotel Villa Adeje Beach

Frá kr. 119.680

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, ALLT INNIFALIÐ

4. september í **7 nætur**

Palm Beach Tenerife

Frá kr. 122.495

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting

11. september í **7 nætur**



Hotel Villa Adeja Beach

Frá kr. 124.995

Verð á mann m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, ALLT INNIFALIÐ

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Láru G. Sigurðardóttur

Leynimorðinginn

Ég vil ekki deyja,“ sagði 16 ára unglingur sem var í heimsókn hjá okkur um leið og hann staulaðist til að ná sér í stórt vatnsglas. Skömmu áður hafði ég lýst áhyggjum mínum af heilsu hans eftir að hafa horft á barnið sem er í yfirþyngd borða stóran snakkpoka, sextán tommu pitsu, brauðstangir og drukkið tvo lítra af gosi.

Annað dæmi um næringu barna hér í hjarta Kísildalsins var þegar drengirnir mínir komu gapandi heim eftir fyrsta skóladaginn því helmingur skólasystkina þeirra nærðist á snakki og gosi í hádeginu. Þriðja kemur frá körfuboltamótum þar sem foreldrar eru duglegir að dæla snakki, nammi og gosi í börnin eftir leik.

Samt er talsverð vakning hér um heilsu og til dæmis sést enginn reykja sígarettur eða rafsígarettur. Nú er ég ekki að halda því fram að við gefum börnunum okkar bara avókadó og appelsínur – en þarna finnst mér full langt gengið í að halda óhollustu að börnunum.

Ástæðan er einfaldlega sú að þessi fæða er vopn í hendi leynimorðingja nokkurs sem er frægur fyrir að valda skaða og stytta líf. Hann fer hljóðlega um því við verðum ekki þess vör þegar hann byrjar að hreiðra um sig í líkamanum. Hár blóðþrýstingur er þess vegna kallaður leynimorðingi af amerísku hjartasamtökunum en hann hrjáir um þriðjung manna og er orsök flestra ótímabærra andláta undir 65 ára aldri. Oft er háþrýstingur áunninn, til dæmis ef við borðum of mikið salt eða ruslfæði.

Það er svo sem í lagi að leyfa börnunum okkar að smakka snakk en höfum hugfast að við foreldrarnir berum ábyrgð á hvaða fæði þau venjast að borða því hegðun er allt að 95% vani. Það getur aldrei verið til góðs að halda að börnunum fæði sem getur stytt líf þeirra.